




TÍMARIT UNIFEM



'07
1.tbl. 17.árg.



Frelsi til athafna er stærsta lánið

Við gerum þér tilboð í fjármögnun á atvinnuhúsnæði

– hvort sem er til kaupa eða endurfjármögnunar.
Þú velur um íslenska og/eða erlenda mynt allt eftir
því hvað hentar þér best.

Veldu frelsi

– fáðu ráðgjöf hjá viðskiptastjórum SPRON

Stuttar boðleiðir

Þú færð svar innan þriggja virkra
daga frá því að þú skilar gögnum.

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON,
í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

75 ára





Frá ritstjóra

Meginefni þessa tölublaðs tímarits UNIFEM myndi seint teljast upplífandi: kynbundið ofbeldi. Auðvitað er allt ofbeldi af hinu illa, en það kynbundna er sérstaklega andstyggilegt. Þegar hermenn fara í stríð mega þeir búast við að lenda í átökum. Í stríðs-átökum samtímans mega konur þeirra búast við að sumar hörðustu orrusturnar fari fram á líkómum þeirra. Í þeirri almennu lögleysu sem ríkir á stríðstímum hverfa hömlur sem annars myndu halda aftur af ofbeldismönnum. Þó þarf ekki stríð til að ofbeldi beinist sérstaklega gegn konum, því ofbeldið er oft rækilega ofið inn í samfélagið. Hvort sem er litið á tölur yfir heimilisofbeldi eða nauðganir, mansal eða heiðursmorð, þá eru konur í langflestum tilfellum fórnarlömbin og karlar gerendur.

Konur eru samt ekki einar um að líða fyrir kynbundið ofbeldi. Þær eru mæður, systur, dætur og eiginkonur. Vandamál kvenna eru vandamál fjölskyldnanna sem þær tilheyra og þar með samfélagsins sjálfs. Það er til lítils að ætla að lægja öldur ofbeldis í samfélagi ef kynbundið ofbeldi er látið óáreitt. Það er ekki hægt að tala um friðsamlegt og frjálst samfélag ef konur, helmingur mannkyns, þurfa að lifa í ótta.

Kunningi minn spurði mig um daginn af hverju karlinn ég væri að ritstýra kvennablaði. Mér varð fátt um svör en greip á endanum til slagorðs landsnefndarinnar. „Þróun í þágu kvenna er allra hugar,“ sagði ég sannfærður. Maður þarf ekki að vera kona til að hafa eitthvað að athuga við að mannréttindi stórs hluta mannkyns

séu fótum troðin dag hvern. Maður þarf ekki að hugsa lengi um þróunaraðstoð til að sjá að eina leiðin til að hún gangi upp er að konur, hornsteinn hvers samfélags, geti nýtt sér hana.

Þegar ég leit yfir greinarnar í þessu blaði varð mér dagljóst hvað Ísland væri gott land. Vissulega mætti ýmislegt færa til betri vegar, en stofnanir samfélagsins megna að innleiða þær umbætur sem þjóðfélagið þarf. Sú er ekki raunin víðs vegar um veröld. UNIFEM vinnur ötullega að því að styðja stjórnvöld, félagasamtök og einstaklinga í baráttunni fyrir réttlátari heimi. Sem íslenskur karlmaður er ég stoltur af því að landsnefnd UNIFEM á Íslandi tekur fullan þátt í baráttunni, ekki bara samkvæmt höfðatölu-leikfimi heldur með raunverulegum framlögum.

Efnistöð þessa tölublaðs eru nokkuð ólík blöðum fyrri ára. Minni áhersla er lögð á fréttir af starfsemi landsnefndarinnar en áður. Sú umfjöllun verður í ársskýrslu landsnefndarinnar, sem verður með glæsilegra móti. Í staðinn vona ég að þetta blað gefi lesendum góða tilfinningu fyrir nauðsyn og árangri starfs UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum. Til þess er blaðið ríkulega skreytt myndum af vettvangi starfsins, sem Nordic Photos voru okkur innan handar með að útvega. Myndirnar standa auðvitað með stórgóðum greinum, sem ég kann höfundum bestu þakkar fyrir að hafa skrifað.

Andrés Ingi Jónsson



Asif Hassan/AFIP/Getty Images

Efnisyfirlit

Frá ritstjóra	3	Grátið undir tré í Bombali	27
Styrktarsjóður UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum	6	<i>Stefán Ingi Stefánsson</i>	
Konur og mýs	8	Kerfið stóð aldrei með mér	28
<i>Magnea Marinósdóttir og Guðrún Margrét Guðmundsdóttir</i>		<i>Halla Gunnarsdóttir</i>	
Framlög Íslands skipta UNIFEM verulegu máli	10	Nauðgunarstríðið í Austur-Kongó	32
<i>Viðtal við Joanne Sandler, starfandi</i>		<i>Andrés Ingi Jónsson</i>	
<i>aðalframkvæmdastýru UNIFEM</i>		Fé safnað í þágu Styrktarsjóðs UNIFEM	36
Kvenorkan, UNIFEM og utanríkisráðuneytið	12	Mansal	40
<i>Ingibjörg Sólrún Gísladóttir</i>		<i>Guðný Gústafsdóttir</i>	
Konur, friður og öryggi	16	Konur og kvenréttindi í Gíneu-Bissá	43
Einn dagur í Betlehem – kvenna í milli	18	<i>Baldur Steinn Helgason og Margrét Rósa Jochumsdóttir</i>	
<i>Kristrún Heimisdóttir</i>		Kólumbískar konur í áhættu	46
Starfsemi UNIFEM á Karabíasvæðinu	22	<i>Andrés Ingi Jónsson</i>	
<i>Hildur Fjola Antonsdóttir</i>			



Daniel Pepper/Getty Images

Flóttakonur í Darfúrhéraði

UNIFEM er þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna. Sjóðurinn var stofnaður árið 1976 í kjölfar fyrstu heimsráðstefnu SP um málefni kvenna. Grundvallarhugsunin í öllu starfi sjóðsins er að það sé grundvallarréttur hverrar konu að vera frjáls undan mismunun og ofbeldi og að jafnrétti kynjanna sé nauðsynleg forsenda þess að þróunarstarf beri ávöxt og hægt sé að byggja upp réttlátt samfélag. Í því skyni beinir sjóðurinn fjármunum og sérfræðiþekkingu til verkefna sem líkleg eru til að stöðja baráttuna fyrir aukinni þátttöku kvenna í pólitískri stefnumótun og jafnrétti kynjanna. UNIFEM hefur að leiðarljósi að tryggja að sjálfsögð mannréttindi kvenna séu virt, en skipta má aðalmarkmiðum starfsins í eftirfarandi fjögur svið.

Draga úr fátækt kvenna

Verkefni UNIFEM á þessu sviði miða meðal annars að því að tryggja að tölulegar upplýsingar séu kyngreindar svo að betur sé hægt að mæla stöðu kynjanna; samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið inn í áætlanagerðir ríkisstjórna á sviði efnahags og viðskipta og til að draga úr fátækt; þjálfa hagfræðinga í kynjafræðum; auka þátttöku kvenna í öllum samráðsferlum tengdum þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna; auka og styrkja rannsóknir á ástæðum fyrir fátækt kvenna og kringumstæðum þeirra; og skoða hvernig þróunaraðstoð skilar sér til karla og kvenna.

Stöðva ofbeldi gegn konum

Þrátt fyrir að tölurverður árangur hafi náðst í að auka vitund almennings, stjórnámalamanna og sérfræðinga um að ofbeldi gegn konum sé mannréttindabrot og að konur eigi rétt á að ríkið verndi þær gegn ofbeldi er enn langt í land með að stöðva kynbundið ofbeldi. Síffellt fleiri konur eru myrtar af mökum sínum og sumar rannsóknir gefa til kynna fjölgun nauðgana og annarra kynferðisglæpa. UNIFEM styrkir ríki og frjáls félagasamtök til að þróa og styrkja samþættar

aðgerðir réttarkerfis, lögreglu, heilbrigðis-, félags- og menntakerfis til að bæta þjónustu við þolendur og til að auka réttlæti og forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi. Í gegnum styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum styrkir UNIFEM einnig verkefni kvennasamtaka og jafnréttisstofa gegn ofbeldi.

Koma í veg fyrir útbreiðslu HIV/alnæmis

Rannsóknir sýna að orsakir og afleiðingar HIV/alnæmis á meðal karla og kvenna eru ekki alltaf af sama toga. Þessi mismunur orsakast bæði af líffræðilegum mun sem og ólíkri kynlífshegðun kynjanna, ólíkum viðhorfum, og ólíkri efnahagslegri stöðu þeirra. Kynjagreining verður því að liggja til grundvallar þegar kemur að því að skilja hvernig og af hverju HIV smitast og gera konum og körlum kleift að verja sig og hvert annað gegn HIV-smiti. UNIFEM styrkir ríki og frjáls félagasamtök til að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið inn í áætlanagerðir og verkefni á þessu sviði til að koma í veg fyrir að ójöfn valdastaða kynjanna auki áhættu á smiti.

Auka þátttöku kvenna í lýðræðislegri ákvarðanatöku

Þó svo að þátttaka kvenna sé nauðsynleg til að tryggja raunverulegt lýðræði og jákvæða samfélagsþróun eru konur í flestum ríkjum í miklum minnihluta kjörinna fulltrúa og stjórnenda í einkageiranum. Verkefni UNIFEM miða að því að fjölga konum í leiðtogastöðum í öllum geirum samfélagsins og að auka þátttöku kvenna í allri ákvarðanatöku. UNIFEM styrkir jafnframt samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða innan ríkja og svæðisbundinna stofnana, þjálfa fólk sem vinnur að jafnrétti kynjanna, talar fyrir því að ríki skrifi undir og taki í gildi valfrjálsa bókun við kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna og styrkir jafnréttisstofur og frjáls félagasamtök til þátttöku á fundum kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna.

LEGGÐU ÞITT AF MÖRKUM

Þú getur gerst félagi að UNIFEM á Íslandi og/eða styrktaraðili Styrktarsjóðs UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum. Kíktu á heimasíðu okkar, www.unifem.is, eða sendu upplýsingar um nafn og heimilisfang í tölvupósti á unifem@unifem.is



Konur sem lent hafa í því að eiginmenn þeirra sketta sýru á þær fagna afmæli Acid Survivors' Foundation í Bangladdes. Samtökin voru stofnuð árið 1999 til að skrásetja og vekja athygli á þessari tegund ofbeldis.

Styrktarsjóður UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stofnaði styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum í framhaldi af fjórðu kvennarráðstefnu SP sem haldin var í Peking 1995. Styrktarsjóðurinn hefur frá upphafi lagt áherslu á að styrkja grasrótarsamtök sem berjast fyrir bættri stöðu kvenna. Ennfremur styður sjóðurinn samstarf frjálsra félagasamtaka og stjórnvalda á hverjum stað, sem nauðsynlegt er til að raunverulegur árangur náist. Hann leit- ar ekki uppi verkefni til að styrkja heldur býðst samtökum að sækja um styrki. Upphæð hvers styrks er tiltölulega lág, en flestir eru þeir á bilinu 100.000 til 300.000 bandaríkjadalir. Oft þarf ekki meira til að gerbreyta aðstöðu frjálsra félagasamtaka í þróun- arlöndunum. Sjóðurinn hefur liðið fyrir fjárskort því að honum berast mun fleiri umsóknir en hægt er að sinna.

Á síðastliðnum tíu árum hefur Styrktarsjóðurinn veitt rúmlega 13 milljónir bandaríkjadala til 226 ólíkra verkefna í fjölda landa. Umsækjendur eru margfalt fleiri. Við síðustu úthlutun sóttu 1.059 samtök um styrk en aðeins var hægt að úthluta 24 styrkj- um í það skiptið. Hér eru dæmi um þau svið sem styrkþegar hafa unnið verkefni sín á:

- **Lagarammi og stefnumótun: kvenréttindi eru mannréttindi**
Endurskoðun laga, gerð nýrra laga og stuðningur við að framfylgja lögum sem styrkja réttarstöðu kvenna.
- **Skýr ábyrgð stofnana: bætt aðgengi að réttarkerfinu**
Þjálfun dómara, lögfræðinga, lögreglumanna og annarra fulltrúa réttarkerfisins.

- **Vitundarvakning: breytt viðhorf almennings**
Viðteknum viðhorfum um ofbeldi gegn konum breytt með aðstoð fjölmiðla, leiklistar og upplýsingatækni.
- **Stuðningur samfélagsins: stöndum við bakið á okkar konum!**
Stuðningur innan samfélagsins styrktur með samstarfi við leiðtoga í samfélaginu, trúarhópa, hverfasamtök, kennara o.s.frv.
- **Bandalag og samstarf ólíkra aðila: styrkur í samstöðu**
Samvinna allra aðila sem vinna gegn kynbundnu ofbeldi auðvelduð og aukin.
- **Félagsþjónusta: aukinn stuðningur stofnana**
Aukin menntun og þjálfun þjónustuaðila til að auðvelða þeim að aðstoða og endurhæfa jafnt fórnarlömb sem gerendur.
- **Tölfræði og rannsóknir: starf byggt á staðreyndum**
Stutt við rannsóknir og kannanir á ofbeldi gegn konum til að efla baráttu kvenréttindahópa fyrir breytingum.

Þar sem UNIFEM sér um allan rekstur styrktarsjóðsins, sem þó er sjálfstæð eining, er hverri krónu sem sjóðurinn aflar varið í styrki. Segja má að styrktarsjóðurinn sé skilvirkasta þróunarað- stoð sem völ er á því maður getur verið viss um að með því að leggja sjóðnum lið sé maður að hjálpa grasrótarsamtökum að berjast gegn kynbundnu ofbeldi.

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi leggur sérstaka áherslu á að safna féi styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum. Einstaklingar geta styrkt sjóðinn með föstu framlagi á greiðslukorti eða með stöku framlagi. Nánari upplýsingar má finna á www.unifem.is.

Sæco

Stærsti sérhæfði kaffivéla-
framleiðandii Evrópu

pitt eigið
Kaffihúsið



reddot design award
communication design 2007

15 gerðir verð frá kr. 46.900 stgr

Landsins mesta úrval af sjálfvirkum espresso/cappuccino kaffivélum
Þú lagar alla uppáhaldskaffidrykkina þína svo sem espresso, cafélatte og cappuccino nákvæmlega eins og þú vilt hafa þá.



PRIMEA Cappuccino | Fjölbreytt úrval bolla og fylgihluta | Ítalskt gæðakaffi frá Kimbo og Danesi | Bragðefni frá Fabbri

www.ef.is



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • www.ef.is



Magnea Marinósdóttir varaformaður landsnefndar UNIFEM (t.v.) og Guðrún Margrét Guðmundsdóttir formaður (t.h.)

Konur og mýs

Þegar ég var lítil átti ég kött sem var mikill veiði-köttur. Einn daginn kom hann með lifandi mús inn. Ég horfði á köttinn minn leika sér að músinni. Mús-in reyndi eftir fremsta megni að sleppa í burtu en eftir því sem á leið þvarr henni máttur. Kötturinn minn lék sér að henni og á endanum gerði músin nokkuð sem mér er enn mjög minnisstætt: í stað þess að reyna að hlaupa í burtu skreið hún í átt að kettinum og hjúfraði sig hríðskjálfandi að honum; leitaði á náðir kvalara síns, sem svo drap hana.

„Stelpan sem ég þekki var skotin í hnakkann hér beint fyrir fram-an húsið þitt fyrir viku, hún var með karlmanni í bíl, kærastanum sínum,“ sagði vinkona mín við mig þegar ég var 16 ára gömul og bjó í Katar við Arabíuskaga. Hún bætti við með vanþökun að stelpan hefði átt að vera varkárari. Gat sjálfri sér um kennt. Stelpan var skotin af bróður sínum sem hafði elt hana uppi þar sem hún var að rúnta með kærastanum.

Í flóttamannabúðum í Tansaníu þar sem ég var eitt sinn stödd við rannsóknir á ofbeldi gegn konum fóru allir starfsmenn á vegum flóttamannaáðstoðar Sameinuðu þjóðanna heim eftir kl. 17. „Heim“ var húsaþyrping varin með gaddavirgirdingu og vopnuðum vörðum. Ég óttaðist aldrei um öryggi mitt. Á leið minni heim sá ég flóttamannabúðirnar hverfa sjónum og hugs-aði alltaf með óhug í hjarta um það sem gerðist þar í skjóli nætur meðal „rannsóknarviðfanga“ minna, flóttakvennanna.

Fimm lögreglumenn áttu að gæta öryggis þeirra 90 þúsund flóttamanna sem þarna voru.

Ég hélt vinkonum mínum í Jemen matarboð. Tvær þeirra komu alltof seint og voru í miklu uppnámi. Þær höfðu verið handtekn-ar af lögreglunni á vinnustað sínum vegna þess að atvinnuleyfin þeirra voru í vinnslu úti bæ og því gátu þær ekki sannað að þær hefðu slíkt leyfi. Þær þrufftu að dúsa í fangelsi í tvær klukkustundir á meðan eiginmenn þeirra unnu hörðum höndum að því að fá þær leystar úr haldi. Konurnar sem þær hittu fyrir í fangels-inu voru ekki svona lánsamar. Ein þeirra var frá Sómalíu. Hún hafði verið handtekin þar sem hún var að selja varning úti á götu. Forsenda þess að vera leystur úr haldi er að einhver komi og leysi þig út gegn smávægilegri upphæð. Enginn hafði vitjað þessarar konu í átta ár. Önnur kona var með lítið barn í fangels-inu. Faðir barnsins var einn fangavardanna.

Ég vann einu sinni sem þróunarmálfulltrúi í Ghowr-héraði í vesturhluta Afganistans fyrir íslensku friðargæsluna. Heyrði af fjórum ungum konum sem settar höfðu verið í gæsluvarðhald vegna þess að talið var að þær hefðu framið „crime of zine“ – þ.e. haft samræði utan hjónabands, gerst sekar um hjúskap-arbrot eða hórdóm, sem er glæpur sem konur eru dæmdar fyrir í Afganistan, jafnvel þeim sem hefur verið nauðgað. Mannrétt-indaulltrúar Sameinuðu þjóðanna gengu í málið og lækur var fenginn til að skera úr um aldur stúlkanna: Þær voru taldar vera 12 til 17 ára, allar undir 18 ára lögræðisaldri. Þeim var sleppt úr haldi en áttu yfir höfði sér að þurfa að mæta fyrir dóm síðar. Sök einnar var að hafa horft girndaraugum á ungan mann.

Ekki er nauðsynlegt að hafa beinlínis orðið vitni að varnar- og réttindaleyssi kvenna til að starfa í þágu UNIEFM. Það nægir að vera með sterka réttlætiskennnd.



STR/AFP/Getty Images

Myndin er tekin stutt frá Naryn í Kirgisistan. Oksana lenti í því að hópur manna stökk út úr bíl sínum og rændi henni um hábjartan dag til að neyða hana í hjónaband. Í þessum hluta Mið-Asíu hefja mörg hjón búskap á svipuðum forsendum.

Þessar reynslusögur höfðum við hvor annarri að segja, formaður og varaformaður landsnefndar UNIFEM á Íslandi þegar við leit-uðum skýringa á því hvers vegna við teldum svo mikilvægt að vinna í þágu UNIFEM.

Eru konur á okkar tímum víðs vegar um heiminn í sömu stöðu og músin? Algjörlega varnarlausar og réttindalausar, undir hælnum á viðhorfum sem setja konur skör lægra en karlmenn. Kötturinn, sem fulltrúi viðhorfa sem réttlæta misbeitingu valds, gegn konum og því misrétti sem tíðkast enn. Þetta misrétti þarf að uppræta. Birtingarmyndir þess eru ýmiss konar. Konur sem eru skotnar til bana, myrtar, fyrir að eiga kærasta í óþökk föður og bróður án þess að nokkrum sé refsað fyrir morðið. Konur sem lifa í ótta í flóttamannabúðum vegna yfirvofandi ofbeldis og möguleiki er á að vera nauðgað daglega eftir kl. 17. Konur sem er haldið í fangelsi án dóms og laga í fjölda ára, misnotaðar af fangavörðum og neyddar til að ala börnin sín innan fangelsisveggja. Ungar stúlkur sem eiga yfir höfði sér fangelsisdóm fyrir að vera beittar kynferðislegu ofbeldi eða fyrir að hafa kynferðislegar langanir. Þetta er óþolandi ástand sem þarf að uppræta. Þess vegna störfum við í þágu UNIFEM. Ekki er nauðsynlegt að hafa beinlínis orðið vitni að varnar- og réttindaleyssi kvenna til að starfa í þágu UNIEFM. Það nægir að vera með sterka réttlætiskennnd.

Ofbeldi gegn konum er skýrasta myndbirting kynjamisréttis. Eftir því sem félagsleg staða kvenna veikist þeim mun líklegri er að ofbeldi gegn konum viðgangist og sé jafnvel samþykkt af samfélaginu. Það á ekki síst við á stríðstímum þar sem ofbeldi gegn konum er notað sem vopn.

Orka kvenna sem lifa í skugga ofbeldis fer í að koma í veg fyrir að ótti þeirra verði að veruleika. Þannig hefur óttinn við ofbeldi

lamandi áhrif á konur sem einstaklinga og þar með möguleika þeirra til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins og krefjast sjálfsagðra mannréttinda. Ofbeldi er þannig helsta fyrirstaða friðar og framfara.

Ofbeldi þarf að uppræta – þannig styrkjum við konur, og ekki bara konur, heldur heilu samfélagin. Ljóst er að framþróun í þróunarlöndum, sem mæld í þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, næst ekki án þess að orka kvenna sé virkjuð. Helsta leið UNIFEM til að uppræta ofbeldi gegn konum er að styrkja verkefni sem hafa slíkt markmið. Það gerir UNIFEM með því að reka sérstakan styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum (UN Trust Fund in Support of Actions to Eliminate Violence Against Women). Styrkur sjóðsins er án efa sá að styrkþegar skilgreina sjálfir þörfina og hanna styrktarverkefni í stað þess að það sé gert af utanaðkomandi aðilum. Frumkvæðið kemur því frá konunum sjálfum.

Styrktarsjóður UNIFEM er eingöngu rekinn með frjálsum fjárfrahlögum. Stjórn landsnefndar UNIFEM á Íslandi hefur sett sér það meginmarkmið að safna fé til sjóðsins. Samhliða því mun UNIFEM á Íslandi beita sér fyrir vitundarvakningu um það hversu alvarlegt mál á heimsvísu ofbeldi gegn konum er.

Það er von okkar í stjórn UNIFEM á Íslandi að sem flestir leggi málefnið lið – afnám ofbeldis gegn konum er í þágu friðar og framfara.

*Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, formaður
Magnea Marinósóttir, varaformaður*

Framlög Íslands skipta UNIFEM verulegu máli

Viðtal við Joanne Sandler,
starfandi aðalframkvæmdastýru UNIFEM

Joanne Sandler hefur lengi unnið að þróunar- og jafnréttismálum innan Sameinuðu þjóðanna. Þegar Noeleen Heyzer þurfti skyndilega að hverfa frá UNIFEM fyrr á árinu var Joanne sett aðalframkvæmdastýra sjóðsins. Andrés Ingi Jónsson ræddi við Joanne um UNIFEM, Ísland og um stöðu baráttunnar fyrir réttindum kvenna.



Munar um framlag Íslands

Joanne segir ekki fara á milli mála að framlög Íslands skipti UNIFEM verulegu máli, en þau hafa þrjúguldast á undanförunum árum. „Reyndar held ég að framlag Íslands hafi alltaf skipt máli og skilað árangri. Ég get auðvitað ekki neitað því að peningar skipta starfseminu miklu máli, en framlögin gefa fyrst og fremst til kynna afstöðu landsins í þessum málum. Auk beinna fjárframlaga hefur Ísland alltaf styrkt starfið með öðrum leiðum, til dæmis með því að leggja til sérfræðinga í starfi UNIFEM í Kósóvó. Ef við mælum styrk samstarfsins út frá því hverju framlagið skilar í baráttunni fyrir réttindum kvenna, fjármunum eða öðru, er óhætt að segja að samstarf Íslands og UNIFEM sé til fyrirmyndar. Eins skiptir heilmiklu máli þegar til dæmis utanríkisráðherra eða fastafulltrúi Íslands hjá SP talar um jafnréttismál eins og þau séu meðal meginviðfangsefna SP. Þannig er hægt að senda alþjóðasamfélaginu skýr skilaboð: Jafnréttismálin eru komin á dagskrá. Þetta hefði varla gerst fyrir áratug.“

Aukinn hljómgrunnur fyrir jafnréttismálum

Joanne vill ekki gera lítið úr því að jafnréttismálin hafi unnið sér leið inn í almenna umræðu á vettvangi SP en segir ekki mega fagna of snemma. Breytingarnar þurfa að ná út fyrir fundarsali SP til að skila raunverulegum árangri.

„Um þessar mundir fögnum við því að sjö ár eru síðan ályktun nr. 1325 um konur, frið og öryggi var samþykkt. Ég held að fólk sé almennt sammála um að framkvæmd ályktunarinnar sé verulega ábótavant. Ef við skoðum til dæmis hversu aumlega alþjóðasamfélagið stendur sig í baráttunni gegn kynferðisofbeldi og gegn því að nauðgun sé notuð sem vopn í átökum má halda því fram að ályktunin hafi ekki breytt miklu. Ályktunin dugur ekki ein og sér. Þótt það sé gífurleg framför að öryggisráðið fundi árlega um konur, frið og öryggi líta svörin við stóru spurningunum ekki nógu vel út. Eru konur öruggari? Eru konur sýnilegar

í ákvarðanatöku og friðarviðræðum? Við megum ekki gleyma okkur í fagnaðarlátum á sjö ára afmæli þessarar ályktunar heldur þarf stöðugt að vinna að því að hrinda henni í framkvæmd.

Þær breytingar hafa þó orðið á undanförunum 15 árum að nú eru unnar aðgerðaáætlanir um jafnréttismál í flestum löndum og flest hafa þau mótað sér stefnu í kvenréttindamálum og um kynbundið ofbeldi. Stofnanir SP geta því gengið á eftir efnendum þessara áætlana. Við erum oft beðin um aðstoð við að hrinda þeim í framkvæmd, en það gerir þá kröfu að kerfið geti brugðist við á samræmdan og skilvirkan hátt.

Þjóðirnar eiga ekki að þurfa að snúa sér til UNICEF í málefnum stúlkna, UNFPA til að berjast gegn mæðradauða og UNIFEM til að fá aðstoð við að hrinda CEDAW í framkvæmd. Þær ættu að geta talað við einn aðila sem hefði öll þessi mál á sinni könnu og gæti veitt samræmdan stuðning. Til að svo geti orðið þurfa að koma til umbætur á öllu kerfi Sameinuðu þjóðanna. Sú umræða hefur verið í gangi undanfarin ár. Meðal annars hefur verið rætt að sameina alla starfsemi SP á þessu sviði og setja á fót sérstaka skrifstofu jafnréttismála. Útgangspunktur þeirrar umræðu hefur alltaf verið einfaldur: Hvernig getum við náð aukinni skilvirkni í stuðningi okkar við lönd sem hafa sýnt pólitískan vilja til að hrinda jafnréttisáætlunum í framkvæmd?“

Árangur á vettvangi er það sem skiptir máli

„Skrifstofa jafnréttismála má samt ekki verða skrifræðisbákn. Það sem við þurfum eru skilvirkari aðgerðir á vettvangi, þar sem aðstoðar okkar er þörf. UNIFEM hefur alltaf lagt ríka áherslu á að verja sem minnstum hluta fjármuna okkar í yfirbyggingu og tryggja að sem mest skili sér til kvenna, stúlkna og þeirra samfélaga sem þurfa á aðstoð okkar að halda. Þetta hefur gert okkur kleift að ná ótrúlega góðum árangri, þrátt fyrir að vera með minnstu einingum SP.

Styrkur UNIFEM hefur alltaf falist í því að starf samtakanna miðast við þarfir styrkþega. Hvar sem ég hef farið á vegum samtakanna fæ ég að heyra það sama, hvort heldur er frá stjórnmalamönnum eða félagasamtökum. Þótt við getum sjaldnast lagt til jafnháar fjárhæðir og stærri stofnanir beinum við stuðningi okkar þangað sem hans er óskað. Það skiptir miklu máli fyrir árangur á vettvangi því hann fer algjörlega eftir aðstæðum hverju sinni, og þær þekjast styrkþegarnir best.“

Ef við skoðum hversu aumlega alþjóðasamfélagið stendur sig í baráttunni gegn kynferðisofbeldi og gegn því að nauðgun sé notuð sem vopn í átökum má halda því fram að ályktun 1325 hafi ekki breytt miklu. Ályktunin dugar ekki ein og sér.

Innan Sameinuðu þjóðanna hefur forystuhlutverk UNIFEM í málefnum kvenna í þróunarstarfi ekki öðlast viðurkenningu. Fyrir vikið eru allir ábyrgir fyrir málaflokkinum, sem þýðir að enginn einn aðili ber raunverulega ábyrgð. Betri samræming starfs SP í jafnréttismálum skiptir gífurlegu máli.

Skjóta þarf styrkari stoðum undir starfsemi UNIFEM

Eitt helsta langtíamarkmið samtaka á borð við UNIFEM hlýtur að vera að gera sjálf samtökin óþörf. „Auðvitað ættu SP að sinna þörfum karla, kvenna og barna í öllu sem stofnunin gerir. Heimurinn er jú settur saman úr einstaklingum. Þannig verða UNIFEM kannski úrelt samtök eftir 20 eða 30 ár, en SP þurfa enn einingu sem vinnur sérstaklega að réttindum kvenna. Sama mætti segja um börnin: Hvers vegna þarf að einbeita sér sérstaklega að þeim? Við þurfum UNICEF vegna þess að börn hafa sérstaka hagsmuni og þarfir og aðstæður þeirra eru sérstakar. Þetta gildir enn frekar um konur og stúlkur. Þar erum við nefnilega ekki bara að vinna að þróunarmálum einum og sér heldur verðum við að vinna á sögulegu misrétti kynjanna áður en við sjáum raunverulegan árangur.

Vandamálið sem þarf að leysa er hvernig löndum gengur að nálgast þær þjargir sem stofnanir SP hafa upp á að bjóða. Sem stendur er allt of erfitt fyrir þjóðir heimsins að nýta sér krafta SP. Þar kemur tvennt til. Í fyrsta lagi þarf að bæta skilvirkni kerfisins, en um það snýst umræðan um umbætur innan SP og það að setja á fót sérstaka skrifstofu jafnréttismála. Í öðru lagi hafa stofnanir og sérfræðingar á sviði jafnréttismála lengi þurft að sætta sig við lág framlög til málaflokksins, átt erfitt með að vera sýnileg þar sem krafta þeirra er þörf, ekki notið nægjanlegar viðurkenningar og verið óþarflega sundraður hópur.

Ég get nefnt dæmi frá Afríku sem er lýsandi fyrir vandann sem við stöndum frammi fyrir í mörgum ríkjum heims. Ráðherra kvenna- og barnamála í ríki þar sem UNIFEM hefur ekki séð sér fært að vera nógu virkt sagði mér að hún væri við það að gefast upp á okkur. Þegar hún væri að vinna að málefnum barna gæti hún snúið sér beint til UNICEF og þar fengi hún allan stuðning sem þyrfti. Þegar kæmi að málefnum kvenna væri staðan aftur önnur. Hún þyrfti að ganga á milli fimm stofnana SP án þess að fá þann stuðning sem þörf væri fyrir. UNIFEM hefur því miður ekki bolmagn til að vera á staðnum alls staðar þar sem okkar er þörf.”

Á næstu árum stendur til að tvöfalda tekjur UNIFEM og þá jafnframt styrki, en það er ekki nóg til að bæta árangur af starfinu. „Auðvitað styrkist starfsemi okkar með auknu fjármagni, en það þarf meira til. Það sem heldur mest aftur af skilvirkni aðgerða UNIFEM er hversu takmarkaðan þátt við getum átt í ákvarðanaferlum. Til að geta haft áhrif á úrlausn þeirra mála sem okkur er ætlað að sinna verðum við að fá tryggt sæti við samningaborðið.

Fulltrúar okkar eru að störfum á 15 svæðisskrifstofum í um 45 löndum, en hafa oft sorglega fá tækifæri til að sinna starfinu eins og best væri á kosið. Það vantar ekki bara fjármuni og starfsstöðvar heldur vantar hreinlega starfsfólk þar sem við þó erum. Það háir okkur líka hvernig jafnréttismálum er sinnt innan SP, en þar hefur forystuhlutverk UNIFEM í málefnum kvenna í þróunarstarfi ekki öðlast viðurkenningu. Fyrir vikið eru allir ábyrgir fyrir málaflokkinum, sem þýðir að enginn einn aðili ber raunverulega ábyrgð. Betri samræming starfs SP í jafnréttismálum skiptir gífurlegu máli.

Að lokum vildi ég koma á framfæri þökkum til félaga í UNIFEM á Íslandi. Við kunnum vel að meta þá pólitísku undiröldu í þágu UNIFEM og kvenréttinda sem þið hafið komið af stað. Ég hlakka til farsæls og enn öflugra samstarfs í framtíðinni.“



Snúðra og Tuðra
Góðar í skólinn og jólapakkann!

Systurnar sem allir krakkar þekkja eru óttalegir prakkarar sem lenda sífellt í nýjum ævintýrum. Þær læra þó alltaf eitthvað nýtt í hverri bók og fá lesendurna til að hugsa um hvað er rétt og hvað er rangt.

Salka

Skipholti 50c | www.salka.is



Kvenorkan, UNIFEM og utanríkisráðuneytið

Ég kynntist UNIFEM fyrst þegar ég fór á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna fyrir Kvinnalistann árið 1987. Þá hafði ég heyrt af samtökunum og ákvað að fara að heimsækja skrifstofuna í New York til að fræðast um það hvað þau gerðu og hvort þau ættu ekki erindi til Íslands. Kvinnalistinn hafði að vonum áhuga á UNIFEM og lagði áherslu á að sinna tengingum af þessu tagi. Heimsóknir Kvinnalistakvenna á allsherjarþinginu á skrifstofuna urðu fleiri og á sama tíma sýndu ýmsar konur á Íslandi áhuga á að tengjast starfseminni.

Nú er það mér sérstakt gleðiefni að kynnast því náði sem utanríkisráðherra hversu mikill kraftur er í starfi UNIFEM á Íslandi. Framlög Íslands til samtakanna hafa þrítugfaldast á nokkrum árum og nú er það mér mikil ánægja styðja og taka þátt í óvenjulega metnaðarfullu söfnunarátaki sem í hönd fer 2008.

Ekki síst er það mér gleðiefni og innblástur að nema kvenorkuna hjá íslenskum UNIFEM konum og vinna að því að hún berist sem víðast.

Skilin milli innanlandsmála og alþjóðamála eru að hverfa í stjórnámálum. Ég hef orðað þetta svo að á 21. öld séu heimsmálin einnig heimamál og heimaverkefni heimsvæðing. Ísland á heiður að verja í jafnréttismálum og í hnattvæddum heimi hefur allt sem við gerum á alþjóðavettvangi einnig áhrif hér heima.

Ég vil gera jafnréttismál að mikilvægum þætti á öllum þeim fjórum verkefnasviðum sem heyra undir mig sem ráðherra, þ.e. alþjóðasamskipti, öryggis- og varnarmál, þróunarstarf og alþjóðaviðskipti. Tengslanet kvenna skipta máli í alþjóðasamfélaginu og þau hafa tekið mér opnum örmum. Mikilvægt áherslumál nú strax frá upphafi er ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 og aðkoma kvenna að friðarsamningum og friðarferli. Það er svið ályktunarinnar sem ekki hefur sinnt til þessa og Ísland hefur nú tekið upp á sína arma.

Ég hlakka til samstarfsins og góðra verka.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra

10 ZASAD GŁÓWNYCH

1. Myśl pozytywnie, bądźcie ci lżej
2. Dbaj o to, co jest ci drogie
3. Ucz się jak najdłużej, nawet do końca swojego życia
4. Ucz się na własnych błędach
5. Ruszaj się jak najczęściej, to podnosi na duchu
6. Nie zaprzataj sobie głowy niepotrzebnymi sprawami
7. Staraj się rozumieć i wspierać innych
8. Nie poddawaj się, droga do sukcesu jest długa
9. Znajdź i rozwijaj swoje zdolności
10. Stawiaj sobie zadania i pozwól swoim marzeniom się spełnić



Geðrækt

10 KËSHILLA SHPIRTËRORE

1. Mendo pozitiv, është më e lehtë të mendosh pozitiv për gjithcka.
2. Ruaje atë që është më e shtretjtë për ju.
3. Vazhdo të mësosh për sa kohë që jeton.
4. Mëso nga gabimet e tua.
5. Lëvizja e përditshme, lehtëson gjendjen shpirtërore.
6. Mos e vështirso jetën tënde pa arsye.
7. Mundohu t' i kuptosh dhe t' i nxisësh të tjerët përreth teje.
8. Mos u dorëzo, mirëqenia në jetë është maraton.
9. Kërko dhe kultivoi aftësitë e tua.
10. Vendos një kufi dhe lëre ëndrrën tënde të realizohet.



Geðrækt

10 SAVETA ZA DOBRO DUŠEVNO ZDRAVLJE

1. Razmišljajmo pozitivno, lakše je
2. Vodimo računa o onome što nam je drago
3. Učimo dok god živimo
4. Učimo na vlastitim greškama
5. Krećimo se svakodnevno, to popravlja raspoloženje
6. Ne komplikujmo život bez razloga
7. Trudimo se da razumemo i podržavamo ljude oko nas
8. Ne odustajmo, uspeh u životu je trka na duge daljine
9. Pronađimo i negujmo vlastite talente
10. Postavimo si cilj i ispunimo svoje snove



Geðrækt

10 COMMANDMENTS OF MENTAL HEALTH

1. Think positively; it's easier
2. Cherish the ones you love
3. Continue learning as long as you live
4. Learn from your mistakes
5. Exercise daily; it enhances your well-being
6. Do not complicate your life unnecessarily
7. Try to understand and encourage those around you
8. Do not give up; success in life is a marathon
9. Discover and nurture your talents
10. Set goals for yourself and pursue your dreams



Geðrækt

ДЕСЯТЬ ПОЛЕЗНЫХ ЖИЗНЕННЫХ СОВЕТОВ

1. Настраивайся всегда на положительные эмоции – это облегчает жизнь
2. Береги то, что тебе дорого
3. Век живи – век учишь
4. Извлекай уроки из своих ошибок
5. Ежедневно занимайся физическими упражнениями: это повышает настроение
6. Не усложняй свою жизнь без надобности
7. Старайся понять и поддержать тех, кто тебя окружает
8. Не сдавайся: успех в жизни – это бег на длинную дистанцию
9. Раскрой и развивай свои способности
10. Поставь себе цель и добивайся ее осуществления



Geðrækt

Mười điều tâm niệm

1. Hãy lạc quan, sẽ yêu đời hơn
2. Hãy góp phần vào việc bạn thích
3. Hãy tiếp tục học mãi
4. Hãy rút kinh nghiệm qua lỗi lầm của mình
5. Hãy vận động thường xuyên hằng ngày sẽ làm tinh thần thoải mái.
6. Đừng tham gia vào những việc vô ích
7. Hãy cố gắng hiểu và khuyến khích người khác
8. Đừng đầu hàng, chịu thua vì thành công trong cuộc đời là sự đúc kết của một chuỗi dài phấn đấu
9. Hãy nhận biết và trau dồi khả năng của mình
10. Hãy đặt cho mình mục đích và cố gắng thực hiện giấc mơ của mình



Geðrækt

GEÐORÐIN 10

1. Hugsaðu jákvætt, það er léttara
2. Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
3. Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
4. Lærðu af mistökum þínum
5. Hreyfðu þig daglega, það léttir lunguna
6. Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
7. Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
8. Gefstu ekki upp, velgengi í lífinu er langlaup
9. Finndu og ræktaðu hæfileika þína
10. Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast



Geðrækt

ข้อคิด 10 ประการ

1. คิดในแง่ดี จะทำกรอันใดก็ง่ายขึ้น
2. อนุอนมำใจแก่บุคคลที่ท่านรัก
3. ไม่แก่เกินไปที่จะไปหาเรียนรู
4. คิดเป็นครู
5. เคลื่อนไหวร่างกายเป็นประจำ ทำให้ชีวิตสดชื่น
6. ไม่ควรทำชีวิตของท่านให้ยุ่งยากโดยไม่จำเป็น
7. พยายามเข้าใจและให้การสนับสนุนแก่บุคคลรอบข้าง
8. ไม่คิดย่อท้อ, วิ่งเข้าสู่ความสำเร็จของชีวิต
9. ฝึกฝนและค้นหาทักษะให้กับตนเอง
10. ตั้งจุดมุ่งหมาย และสร้างฝันให้เป็นจริง



Geðrækt





Fathna Ibrahim situr með dóttur sína í tjaldi í Goz Amir flóttamannabúðunum í Tsjad, þar sem þúsundir flóttamanna frá Darfúr í Suður-Súdan hafast við. Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna hefur umsjón með 12 slíkum búðum víðsvegar um Tsjad.

Áætlað er að í heiminum séu allt að 33 milljónir flóttamanna og er mikill meirihluti þeirra konur og börn. Flóttakonur eru í stóráukinni áhættu að verða fyrir kynbundnu ofbeldi og þótt þær komist undir verndarvæng alþjóðastofnana er alls ekki víst að raunum þeirra sé lokið. Í Goz Amir búðunum er til dæmis aðeins 15 stjórnarhermönnum ætlað að tryggja öryggi 20 þúsund flóttamanna í óstöðugu héraði.



Tyrkneskar konur mótmæla tilraunum stjórnvalda til að gera framhjáald refsivert.

Konur, friður og öryggi

UNIFEM fer með umboð Sameinuðu þjóðanna til að styðja verkefni sem hafa það markmið að bæta stöðu kvenna. Vilji SP til að vinna málefnum kvenna brautargengi hefur verið undirstrikaður með framkvæmdaáætlun sem samþykkt var í Peking 1995 og var ítrekuð bæði fimm og tíu árum síðar. Einnig skipa jafnréttismálin stóran sess í þúsaldarmarkmiðum SP. Tveir hornsteinar jafnréttisstefnu SP eru CEDAW-sáttmálinn og ályktun öryggisráðsins nr. 1325.

Um CEDAW

Í framhaldi af kvennaári SP árið 1975 hófst vinna við samning samtakanna um afnám allrar mismununar gegn konum – kvennasáttmálan – sem var samþykktur af miklum meirihluta aðildarlandanna 1979.

CEDAW (The Convention on the Elimination of All Forms of Disc-

rimination against Women) hefur verið lýst sem alþjóðlegum mannréttindasáttmála fyrir konur. Þau 185 lönd sem skrifað hafa undir samninginn skuldbinda sig til að vinna gegn hverskyns mismunun gegn konum, hvort sem er af pólitískum, félagslegum, efnahagslegum eða menningarlegum toga. Löndunum er gert að tryggja konum jafnrétti að lögum, auk þess sem þeim ber að takast á við þann undirliggjandi félagslega og pólitíska ójöfnuð sem viðhaldið getur ójöfnum valdahlutföllum kynjanna.

Með því að samþykkja CEDAW skuldbinda ríki sig til að:

- taka mið af jafnréttissjónarmiðum við lagasetningu og nema úr gildi lög sem mismuna fólki,
- setja á fót stofnanir sem vinna gegn mismunun,
- stíga jákvæð skref í átt að jafnrétti kynjanna,
- útrýma mismunun kvenna af hendi einstaklinga og samtaka.

Auk þess skulu aðildarlönd gefa framkvæmdanefnd CEDAW skýrslu reglulega þar sem þau tíunda árangur og erfiðleika á leið sinni til að ná jafnrétti kynjanna.

Um 1325

Árið 2000 samþykkti öryggisráð SP ályktun nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Ályktunin undirstrikar nauðsyn þess að konur jafnt sem karlar verði að eiga hlut að friðarferli við lausn átaka og uppbyggingu eftir þau. Jafnframt er ályktuninni ætlað að styrkja CEDAW, þar sem hún er bindandi fyrir alla deiluaðila, óháð því hvort þeir gerast aðilar að kvennasáttmálanum.

Til að ná fram markmiðum ályktunarinnar er meðal annars mælt með því að:

- auka vægi kvenna í ákvarðanatöku stofnana sem hafa með öryggismál að gera, þar á meðal friðargæsluliðs SP,
- hvetja deiluaðila til að bregðast við þörfum kvenna þegar dómstólar og stjórnkerfi eru endurreist að átökum loknum,
- leggja áherslu á jafnréttissjónarmið í afvopnunar- og aðlögunarverkefnum,
- vernda konur og stúlkur fyrir kynferðislegu ofbeldi,
- koma í veg fyrir að konur verði fyrir mannréttindabrotum í stríði og lögsækja stríðsglæpamenn.

Í stað þess að stóla á að aðildarlöndin skili skýrslum um ástand mála er aðalframkvæmdastjóra SP falið að gefa árlega skýrslu um stöðu kvenna í heiminum og gang mála við innleiðingu ályktunarinnar.

Nóg talað, nú þarf að hrinda í framkvæmd

Þótt nokkuð hafi áunnist við framkvæmd CEDAW og ályktunar nr. 1325 er enn langt í land. Árið 2005 tók gildi tveggja ára framkvæmdaáætlun innan SP sem lagði sérstaka áherslu á framgang ályktunar nr. 1325. Árangur hefur til dæmis náðst í friðargæslu, friðarsamningum og uppbyggingu eftir stríðsátök, en engu að síður hefur öryggisráðið frá því í ársbyrjun 2006 sautján sinnum þurft að minna ríki sérstaklega á skuldbindingar þær sem ályktun nr. 1325 kveður á um. Til að ná árangri í bættri stöðu kvenna þarf vilji aðþjóðasamfélagsins að ná lengra en inn í fundarsali og texta ályktana.

HVAÐ ER KYNBUNDIÐ OFBELDI?

Synir í uppáhaldi

- „Ef við drepum meybörn um leið og þau fæðast snaraukast líkurnar á því að næsta barn verði karlkyns.“ Indverskur faðir ræðir um barneignir.
- Sumir sérfræðingar áætla að á milli 50 og 100 milljónir kvenna ættu að vera á lífi sem hafi verið eytt á fósturstigi vegna þess eins að þær voru stúlkur.

Barnungar brúðir

- „Fólk segir að ég sé lánsöm að hafa fæðst svona ljós yfirlitum og falleg. Foreldrar mínir áttu auðvelt með að finna mér eiginmann. Maya frænka mín er dekkri yfirlitum og ekki eins heppin – hún er 13 ára og ennþá ógift! Ég þarf ekki að ganga í skóla lengur en Maya þarf að vera í skóla þangað til hún eignast mann.“ Deepali, 12 ára, Banglades.

Heimilisofbeldi

- „Hann barði mig svo fast að ég missti tennur. Verstar voru barsmíðarnar þegar ég var ólétt. Þegar hann barði mig í fyrsta skipti missti ég fóstur.“ Fórnarlamb heimilisofbeldis, Úsbekistan.

Umskurður

- Talið er að 130 milljónir kvenna séu umskornar. Árlega bætast 2 milljónir kvenna og stúlkna í þann hóp.

Kynlífsiðnaður

- Talið er að um 80–90% af þeim milljónum barna sem misnotuð eru í vændi og klámiðnaðinum um allan heim séu stúlkubörn.

Mansal

- Árlega fara 600.000 til 800.000 fórnarlömb mansals yfir landamæri heims. 80% þeirra eru konur og stúlkur. Langflestar enda í kynlífsiðnaðinum.

Heimanmundur

- Árið 2000 dóu fimm konur á Indlandi dag hvern af völdum „slysaþruna“ í eldhúsi sem eiginmenn þeirra eða tengdafóreltrar öllu vegna deilna um heimanmund kvennanna

Stríðsnauðganir

- Nauðgunum er sífellt meira beitt sem vopni gegn konum í stríðsátökum.
- „Þá rifu þeir mig úr pilsinu og byrjuðu að nauðga mér, ég var ennþá með barnið mitt á bakinu. Þrír menn nauðguðu mér og á sama tíma nauðguðu hinir þrír fjögurra ára dóttur minni þar sem hún lá við hlið mér. Á meðan einn nauðgaði hvorri okkar, skiptust hinir á að beina byssum að okkur og halda okkur föstum.“ Fórnarlamb stríðsnauðgunar í Austur-Kongó.

Heiðursglæpir

- Víðsvegar um heiminn tengja fjölskyldur og samfélög mannorð sitt náði við framkomu kvenna og stúlkna. Óstaðfestar sögusagnir af 'ósæmilegri hegðun' kvenna eða stúlkna geta verið notaðar sem réttlæting á hörðum refsingum. Jafnvel þegar konu er nauðgað geta siðvenjur krafist þess að fórnarlambinu sé refsað.

Kynferðisleg misnotkun barna

- Stúlkur eru í þrisvar sinnum meiri hættu á kynferðismisnotkun en drengir.



Paula Bronstein/Getty Images

Hár múr skilur á milli byggða Palestínumanna í Betlehem og Ísraels.

Einn dagur í Betlehem – kvenna í milli

Sögubrot úr Miðausturlandaferð utanríkisráðherra

Í barnsminni lifir þessi borg svo sterkt með glitklæddum vitringum, fjárhúsi og stjörnu. Og hvað ætli hvert íslenskt jólabarn syngi oft um birtuna yfir þessari borg á langri ævi? Ég hef komið hingað áður – fyrir ellefu árum í skröltandi smárútu með skólafélögum úr háskólanum. Það var 1996, mánuði eftir að ungur strangtrúaður gyðingur myrti forsætisráðherrann Rabin á torginu í Tel Aviv. Hálfum mánuði áður en fyrsta sjálfsmorðssprengjuárásin var gerð á almenna borgara í strætisvagni í Ísrael. Frá Jerúsalem til Betlehem var engin vegalengd – eins og frá Reykjavík að Seltjarnarnesi. Þá.

Nú er sprengjuheldur jeppi ísraelsku utanríkisþjónustunnar með fylgdarlið utanríkisráðherra Íslands stöðvaður við víggirta vegatálma. Fyrir framan okkur er stærsta steinsteypta hlið sem ég hef séð – og múrinn. Það er hérna sem hann nær fimm metra hæð. Úr sprengjuheldum ísraelskum bíl yfir í skotheldan palestínskan og hraðakstur í bílalest hefst á ný undir nýjum fána. Tek eftir auglýsingaskilti á múrnum Ísraelsmegin. Skiltið er frá einhvers konar ferðamálaráði og þar stendur á ensku „Peace be with you“. Þegar ég sný mér við í bíl palestínsku heimastjórnarinnar og horfi út um bakgluggann á múrinn Betlehemsmeigin sést greinilega graffitti og þar stendur líka á ensku „To exist is to resist“.

Fyrsti áfangastaður í Betlehem er Maher-miðstöðin fyrir krabba-meinsveik börn og fjölskyldur þeirra sem Amneh Agha tekur þátt

í að stýra. Hún á velmetna fjölskyldu á Íslandi, er systir Amal Tamimi sem yfirgaf kvennakúgun heima fyrir, fluttist til Íslands og var stjórnuræðukona á kvennafrídeginum 2005. Forystukona í íslensku verkalyðshreyfingunni gekkst fyrir söfnun fyrir miðstöðina og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sest hjá Amneh í sófann til að heyra hvað þau gera og hvernig gengur. Með ráðherraum í ferðinni er skrifstofustjóri þróunarsamvinnumála í ráðuneytinu. Til stendur að efla stuðning við þetta svæði.

Hávaðinn í sírenum bílalestarinnar er næstum því ærandi þegar snögghemlað er við dyrægætt fæðingarkirkju frelsarans. Fannst við bersyndug að koma til kirkju með slíkum hávaða og er þessvegna aðeins létt þegar farsími hringir í vasanum hjá gríska munkinum í móttökunefndinni. Pólskir pílagrímar sungu messu og þáðu sakramenti, almennir túristar eru ekki margir lengur. Íbúunum fækkar líka, fram á síðustu ár bjuggu ríflega fjörutíu þúsund manns í Betlehem, ríflega tuttugu þúsund íslamskir arabar og ríflega tuttugu þúsund kristnir arabar. Sagt er að fjórðungur hinna kristnu sé fluttur burt. Í Betlehem kemst fólk ekki eða illa leiðar sinnar til að stunda atvinnu eða njóta almannaþjónustu. Fangelsi undir berum himni er ekki rangnefni og það er sláandi að sjá hve allt er breytt.

Í gær og fyrradag hittum við ráðamenn í Ramallah og Jerúsalem. Í dag verða það hinir ríkisfangslausu, fólk sem bjó til hugtakið flóttamaður í alþjóðalögum árið 1948. Unga palestínska konan sem vinnur hjá SP og tekur á móti Ingibjörgu Sólrúnu við inn ganginn í Aida-flóttamannabúðirnar í Betlehem og mun túlka fyrir hana á arabísku eftir því sem þörf er á segir mér að í rauða Sameinuðu þjóða vegabréfinu hennar standi að þjóðerni hennar sé óskilgreint. Heimkynni óskilgreint.

Ljósærða norræna konan sem er ráðherra heima hjá sér í fjarlægju landi situr í skólastofu í Aida í Betlehem umkringd fulltrúum kjörinnar nefndar, eins konar borgarstjórnar búðanna sem er 4500 manna samfélag. Formaðurinn, karlmaður um fimmtugt, rís á fætur og rekur kröfur Palestínnumanna til lands. Það er auðvelt að skilja enskuna sem hann talar með hörðum samhljóðum á arabíska vísu. Hann flytur af munninn fram hina palestínsku kröfugerð eins og hún mótaðist árið 1948 og það er honum auðsjáanlega ekki auðvelt. Formaður búðastjórnarinnar í Aida lifir þessa kröfugerð alla sína daga, búðirnar urðu til 1950 og þar elst nú upp fjórða og fimmta kynslóð ríkisfangslausra – í fátækt.

Allir formlegir fulltrúar búðastjórnarinnar eru karlmenn. Fulltrúi flóttamannahjálpar SP sem rekur Aida-búðirnar er lágvaxin, rauðhærð bandarísk kona. Á veggnum fyrir aftan þau í skólastofunni hangir áletrun á ensku og arabísku: east or west – our library is the best, og beint á móti sitja þrjár ungar konur, kannski rúmlega þrítugar, og ein þeirra biður um orðið. Hún segir frá því að þær hafi stofnað kvennamiðstöð til að konur gætu kynnst tölvum og komist á netið, sjálfar og fyrir sig. Umræðurnar halda áfram en úr skólastofunni og bókasafninu er gengið út á mjóan malarstíg; hér eru greinilega ekki eiginlegar götur.

Ingibjörg Sólrún ætlar að fara í heimsókn til ömmu sem rekur stórt heimili með börn og barnabörn, svo í félagsmiðstöð unglinga í Aida en nú á að fara með hana upp á þak í hæsta húsinu á svæðinu svo að hún sjái múrinn og hvernig hann umlykur borgina. Öryggisverðir frá palestínsku heimastjórninni og stór hópur

palestínskra blaðamanna gerir henni erfitt fyrir að tala við fólk þegar til ömmunnar kemur. Fjórar litlar sonardætur fela sig inni í herbergi og þora ekki út til að taka á móti litlum gjöfum frá Íslandi. Þessvegna skiptir máli að hafa ákveðið fyrirfram að einn fundur skuli vera einkafundur með konunum sem reka kvennamiðstöðina, engir fjölmiðlar og bara konur.

Þær eru allar með blæju yfir höfði og festa við höku, en andlitið er óhulið. Og blæjurnar eru ýmist marglitar í daufum litum eða svartar. Sama unga kona og hafði áður bedið um orðið í skólastofunni hefur aftur orð fyrir þeim núna. Og nú er um allt annað rætt en áður, heimilisofbeldi, veika stöðu kvenna innan fjölskyldunnar, hvað þær geti framleitt til að hafa eigin tekjur og nauðsyn þess að konur fái tíma og andrými fyrir sjálfar sig. Ingibjörg Sólrún segir frá sjálfri sér og spyr margs, þær svara og mér verður ljóst að þær tala allar prýðilega ensku og í mínum augum víkja blæjurnar og þær koma í ljós óvenjulega mælskar og greinargóðar manneskjur sem myndu veljast til forystu hvar sem væri. Þetta eru hrókasamræður með hlástrasköllum þangað til leiðtoga kvennamiðstöðvarinnar, sem ég veit núna að er 34 ára, ber inn að kvikunni í sjálfri sér, röddin brestur, andlitið gefur eftir og gráturinn kemur fram. „Sonur minn er núna þrettán ára segir hún, – og ég vildi helst að hann hætti að stækka. Ég spyr hann aldrei hvað hann ætli að verða þegar hann er orðin stór og læt helst eins og framtíðin sé ekki til.“

Og nú gráta allar, segja hug sinn allan og einu sinni sem oftast í þessari ferð laumar aðstoðarkonan vasaklút að ráðherraum sem segir við hópinn að hið góða við það að konur tali saman sé að þær segi meira og gráti saman. Þegar hópurinn stillir sér upp fyrir myndatöku eru allar orðnar glaðbeittar aftur.



**Handsmíðaða skartið
hennar Önnu Maríu**

**ANNA
MARÍA
DESIGN
GULLSMÍÐUR**

Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036
www.annamariadesign.is



Tom Spender/IRIN

Hinir ríkisfangslausu í Aida vilja ganga fram í styrk og í félagsmiðstöðinni sýna unglingar þjóðdans. Ég veit að ég er stödd í pólitískri klisju allra tíma: erlend sendinefnd að horfa á þjóðdans! En strákarnir virðast vera fjórtán til sautján ára og dansa af óvenjulegum krafti, leikni og tilfinningu. Þeir drekka í sig klappið og húrrahrópin eins og svampar, þeir koma alltaf aftur til að sýna meira og ég veit að þeir verða mér hugstæðir næstu ár. Krakkarnir eru öll í sérstökum palestínskum búningum, stelpurnar syngja danssöngvana hástöfum og raða sér síðan spenntar allt í kringum íslenska kvenráðherrann í myndatökunni. Það er eins og þau hafi unnið íþróttamót.

Arabískur hádegisverður er snæddur á fallegu hóteli í miðri Betlehem með forystukonum frá Ísrael og Palestínu í boði Karenar AbuZayd framkvæmdastjóra Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna í Palestínu (UNRWA). Þær þurfa margar að hafa mikið fyrir ferðinni, ég má ekki segja frá því hér hvernig þær komust. Þær eru allar búnar að lesa um feril Ingibjargar Sólrúnar og vilja fyrst allt vita um Kvennalistann en síðan opnast flóðgáttir um stöðuna í Miðausturlöndum, hvernig hún varð svona og hvert sé hægt að fara.

Þetta eru konur sem hafa áhrif og konur sem taka þátt. Undanfarin tvö ár hafa margar þeirra unnið baki brotnu að því að koma upp tengslaneti kvenna beggja vegna, í Ísrael og Palestínu með stuðningi UNIFEM og þátttöku þekkra kvenna í alþjóðasamfélaginu. Í hádegisverðinum er boð og beiðni til Ingibjargar Sólrúnar um að vera með ítrekuð.

Ein lýsir því að hún hafi verið að því komin að gefast upp þegar stríð Ísraels og Hizbollah í Líbanon stóð sl. sumar en svo lýsir hún því hvers vegna hún haldi áfram og þar með er stíflan rofin, fyrst er grátið og svo segja konur frá, ein af annarri. Þrjár kvennanna við borðið, allar nýorðnar fertugar sneru heim til Palestínu eftir Óslóarsamkomulagið til að leggja sitt af mörkum og byggja upp. Ein þeirra er Klouhd Deibies 41 árs þriggja barna móðir og doktor í arkitektúr frá Þýskalandi. Hún kom heim 1996 og stýrði verkefni um endurreisn fornra bygginga í Palestínu. Eftir kosningararnar 2006 varð hún ráðherra skipulagsmála, utan flokka, í

þjóðstjórn Palestínu. Núna er hún í ríkisstjórn Fayyeds og langar sýnilega að segja meira en hún getur.

Þær eru líka margar sem segjast vilja tala opinskátt því þær hafi ekki alltaf eyru utanríkisráðherra sem þar að auki sé kona. Og svo leggja þær skilaboð til bandaríska utanríkisráðherrans og breska utanríkisráðherrans og til Evrópusambandsins. Um kvöldið hittir Ingibjörg Sólrún Javier Solana óvænt á King David hótelinu í Jerúsalem.

Ótti og kvíði palestínsku kvennanna er áþreifanlegur. Inn á milli verður sorg og geðshræring auðheyrileg á mæli þeirra eða fasi. Þær lýsa óttanum við innri átök Palestínumanna og mikilvægi opins og lýðræðislegs ríkis Palestínumanna sem virði kvenfrelsi. Og þær lýsa vonleysinu sem ríkja muni ef ekkert mikilsvert gerist á næstu vikum, hernáminu linni, ferðafrelsi verði tryggt, samið um landamæri. „Ekki fleiri óskýr ferli,“ segir ein heldur samninga um stóru málin.

Það virkar næstum eins og meðvituð heilsuefning þegar konur fara að tala um fáfengilega hluti eins og megrun og ísinn sem er borinn fram í eftirrétt. Naomi Chazan frá Ísrael krefst þess að fá aukaskammt af ísnum og það er mikið hlegið.

Naomi er fyrrverandi varaforseti Knesset, ísraelska þingsins, og lýsir því af hverju hún taki þátt: „Árið 1973 átti ég von á mínu fyrsta barni og þegar ég var komin hátt á níunda mánuð braust Yom Kippur stríðið út. Barnið beið og kom ekki í heiminn fyrr en stríðið var búið og ég var gengin langt fram yfir hefðbundna meðgöngu. Ég nefndi hann son friðarins og hét því að vinna að friði í Ísrael meðan ég hefði krafta til.“ Hún er prófessor í stjórnmálafræði við Hebreska háskólann í Jerúsalem og segir jafnframt: „Það tærir Ísraelsríki innanfrá að verða hernámsríki nágranna sinna.“

Kristrún Heimisdóttir er aðstoðarkona utanríkisráðherra. Dagana 16. til 23. júlí í sumar heimsótti ráðherrann Ísrael, Palestínu og Jórdaníu.

Hreinasta snilld!

Roomba ryksugan sér um að ryksuga á meðan notar þú tímann í annað!

Jólagjöf ársins!



www.irobot.is

Roomba ryksuguvélmennið sér um að ryksuga heimilið og halda gólfunum hreinum án nokkurrar fyrirhafnar eigandans. Komin er á markað hér á landi heimilishjálpi með gervigreind, eða ryksuguvélmenni sem léttir okkur lífið og sparar okkur mikinn tíma.

Roomba ryksugan hreinsar upp ryk, sand, ló og dýrahár og annað sem fyrir henni verður. Hún hreinsar teppi, mottur, parket, flísar, marmara og linoleum dúka. Roomba ryksugan er snúrulaus og skynjar sjálf fallhæð svo hún fer ekki fram af stigum eða tröppum.

Ef einhver fyrirstaða verður á vegi Roomba t.d. lampi eða stólfætur þá þrífur hún í kringum hlutinn. Einnig fer Roomba hindrunarlaust yfir flesta gólfista sem og á milli gólfefna. Ekki þarf að skipta um ryksugupoka í Roomba, rykið safnast einfaldlega fyrir í einni skúffu sem auðvelt er að tæma.

Þegar Roomba ryksugan þarf á hleðslu að halda fer hún sjálf á heimastöð sína í hleðslu. Hún þrífur í allt að 120 mínútur í senn og hleðst að fullu á þremur tímum. Hægt er að láta hana þrifa allt að þrisvar sinnum á dag.



Það ættu allir að eiga eina!

Fæst hjá iRobot Hólshrauni 7 – sími 555 2585

Byko – Max – Ljósaganum – Ormsson verslunum – Byggt og búið

iRobot[®]
Roomba

21
www.irobot.is



Móðir flýr með dóttur sína undan óeirðum í einu af fátækrahverfum Port-au-Prince, höfuðborgar Haítí.

Starfsemi UNIFEM á Karíbasvæðinu

Svæðisskrifstofa UNIFEM á Karíbasvæðinu tók til starfa árið 1992 og er í húsi Sameinuðu þjóðanna á Barbados, sem var gjöf ríkisstjórnar Barbados til samtakanna og hýsir fjölmargar stofnanir SP. Skrifstofan þjónar konum og kvennasamtökum í 26 ríkjum á svæðinu sem vinna að því að auka vitund um stöðu og málefni kynjanna meðal almennings og meðal stofnanna SP, ríkisstjórna, frjálsra félagsamtaka og einkageirans. Markmiðið er að auka lífsgæði allra á svæðinu.

UNIFEM-skrifstofan er í samstarfi við 26 ríki á svæðinu. Helstu ríkin sem skrifstofan vinnur með eru aðildarríki bandalags karabískra ríkja (CARICOM), sem svipar í stefnumiðum sínum til Evrópusambandsins.

Töluverður munur er á stöðu ríkjanna á svæðinu. Barbados, sem er þeirra þróaðast, var í 30. sæti á lista þróunarsjóðs SP fyrir árið 2006, svipað og Portúgal, en Gvæjana og Jamaíka voru í 103. og 104. sæti á listanum og Haítí var í því 154. Ísland var á sama tíma í 2. sæti. Þó svo að skrifstofa UNIFEM sé staðsett á Barbados fer nánast öll vinnan á hennar vegum fram í fátækustu ríkjunum. Til dæmis er UNIFEM með landsskrifstofu á Haítí. Þetta fyrirkomulag kallar að sjálfsögðu á mikil ferðalög af hálfu starfskvenna UNIFEM.

Karíbasvæðið

– suðupottur menningarheima

Árið 1492, þegar Kristófer Kólabus villtist af leið sinni til Austur-Indía og kom óvart hingað til Karíbahafsins og nefndi svæðið Vestur-Indíu, voru hér bæði Karíbar og Aravakar. Karíbar og Aravakar komu til eyjanna á litlum bátum frá meginlandi Suður-Ameríku og lifðu hér tiltölulega friðsælu lífi, þó svo að einhver átök hafi verið á milli ættbálka.

Koma Kólabusar var upphafið að mikilli valdabaráttu þar sem Spánverjar, Portúgalar, Bretar, Frakkar, Hollendingar, Danir og Svíar bitust um eyjarnar. Seinna bættust Bandaríkjamenn í slaginn. Evrópumenn voru ekki lengi að hneppa Karíba og Aravaka í þrældóm og láta þá vinna á ökrunum. Karíbar og Aravakar dóu nánast út. Dánarorsök var ýmist ill meðferð, evrópskir sjúkdómur eða þá höfðu þeir verið drepnir.

Þegar Evrópumenn voru nánast búnir að útrýma innfæddum stóðu þeir frammi fyrir skorti á ódýru vinnuafli. Þá sneru þeir sér að Afríku og innflutningi Afríkubúa, aðallega frá vesturströnd Afríku, til þrælavinnu á sykurlantekrunum.

Það sem gerði Evrópumönnum kleift að flytja fólk með valdi frá Afríku til Karíbahafsins, sem og annarra landa, var kerfisbundið og miskunnarlaust ofbeldi. Fræðimenn af afrískum uppruna hafa lengi barist gegn þeirri söguskoðun að þrælarnir hafi meira og minna látið þetta yfir sig ganga og hafa bent á hvernig þrælarnir stóðu fyrir stöðugum uppreisnum, bæði á þrælaskipunum og þegar komið var til Karíbahafsins. Þrælalaldarar lifðu í stöðugum ótta um að missa völdin. Þrælalald var bannað með lögum árið 1833 en að sjálfsgöðu tók langan tíma að uppræta það í raun og veru. Bretar tóku einnig upp á því að flytja inn vinnuafli frá öðrum yfirráðasvæðum sínum, þá aðallega frá Indlandi og Írlandi.

Árið 1804 varð Haítí, sem fyrrum var frönsk nýlenda, fyrsta sjálfstæða þeldökka lýðveldið og eina þjóðin sem var mynduð úr vel heppnaðri þrælauppreisn. Síðasta þjóðin á Karíbasvæðinu til að öðlast sjálfstæði er St. Kitts og Nevis, en það gerðist árið 1983.

Arfleifð þrælaldsins ristir djúpt og eru íbúar Karíbasvæðisins eiginlega enn að vinna úr afleiðingum þrælaldsins og flutningum á ófrjálsum vinnuafli, bæði sálrænt sem og pólitískt, efnahagslega, félagslega og menningarlega.

Staða kynjanna

Staða kynjanna er að mörgu leyti ólík á milli ríkja og á milli þjóðarhópa innan hvers ríkis fyrir sig og að sjálfsgöðu spilar efnahags- og félagsleg staða fólks þar einnig stórt hlutverk. Mér fannst eftirtæktarvert þegar ég kom fyrst á svæðið hvernig kynjaumræðunni svipar sumpart til umræðunnar heima á Íslandi. Hún snýst að mörgu leyti um að konur séu í mun betri stöðu en karlar: þær stjórna heimilinu og ala upp börnin, þær sækja sér menntun í meira mæli en karlar, þær eru meirihluti opinberra starfsmanna og eru fjölmennari í þjónustustörfum nýja alheimsefnahagskerfisins. Í umræðunni þykir staða stráka og ungra karla aftur á móti mikið áhyggjuefni: strákar falla allt of mikið úr skólum vegna þess að kennararnir, helstu fyrirmyndirnar, eru konur; þeir leiðast út í glæpi og eru komnir í jaðarstöðu



í samfélaginu. Um daginn gerðist það til dæmis að karlkyns skólastjóri gagnfræðaskóla á Barbados sendi tugi stúlkna heim úr skólanum í nokkra daga í refsiskyni og sagði að þær yrðu að síkka skólapilsin, þau væru of stutt og kæmu í veg fyrir að strákarnir gætu einbeitt sér að bókunum.

Þessar hliðar málsins heyrast ekki eins mikið: ábyrgð kvenna á heimili og börnum, oft í fjarveru karla, er ein helsta fátæktargildra kvenna; menntun kvenna skilar þeim ekki endilega betri störfum og störf þeirra í opinbera geiranum eru illa launuð miðað við sambærileg störf í einkageiranum; þjónustustörf nýja efnahagskerfisins eru lægst launuðu og ótryggustu störf; atvinnuleysi kvenna er mun meira en karla og síðast en ekki síst rænir kynbundið ofbeldi konur mannréttindum sínum, jafnvel lífi og limum og hindrar frelsi þeirra og þróun.

Deilum ábyrgðinni – Share the Care

Eitt verkefni sem ég vinn að hjá UNIFEM er rannsóknarverkefni sem ber nafnið “Child Support, Poverty and Gender Equality in the Caribbean”. Það er styrkt af Alþjóðlegu þróunarrannsóknarstofunni (International Development Research Centre) en UNIFEM ásamt lagadeild Háskóla Vestur-Indía (The University of the West Indies) og Legal Aid and Counselling Clinic á Grenada sjá um framkvæmd verkefnisins.

Eins og áður sagði er ábyrgð mæðra á börnum og fjarvera föður ein helsta fátæktargildra kvenna. Langflest þeirra heimila á Karíbasvæðinu sem eru undir fátæktarmörkum eru rekin af einstæðum

Um daginn gerðist það til dæmis að karlkyns skólastjóri gagnfræðaskóla á Barbados sendi tugi stúlkna heim úr skólanum í nokkra daga í refsiskyni og sagði að þær yrðu að síkka skólapilsin, þau væru of stutt og kæmu í veg fyrir að strákarnir gætu einbeitt sér að bókunum.

Þegar leið á samtalið kom fram að þetta hafði ekki verið í fyrsta skiptið sem konan hans hafði farið til lögreglunnar vegna ofbeldis og nýlega hafði honum verið stefnt fyrir rétt vegna heimilisofbeldis og dæmdur í nálgunarbann. Hann sagðist lítið skilja hvers vegna konan væri að hafa fyrir þessu öllu saman vegna nokkurra rifrilda.

mæðrum. Þessi staða kvenna orsakast meðal annars af því að atvinnutækifæri kvenna eru ekki eins góð og karla og því að þær taka meiri ábyrgð í umönnun barna, aldraðra og sjúkra. Ólaunað umönnunarhlutverk kvenna í bland við fátækt getur af sér stöðugar fjarhagsáhyggjur og kemur í veg fyrir að þær hafi tíma til að þróa hæfni sína á öðrum sviðum. Ein mjög mikilvæg leið fyrir mæður til að tryggja að feður taki ábyrgð á börnum sínum og til þess að búa börnum sínum betra líf er að sækja um meðlagsgreiðslur frá feðrum í gegnum dómstóla. Rannsóknin sem ég vinn að miðar að því að skoða ákvarðanatöku dómskerfisins sem mæður og feður standa frammi fyrir þegar sótt er um meðlag. Hvernig eru ákvarðanir teknar? Hverjar eru niðurstöður slíkra mála og hvernig er þeim fylgt eftir? Hvaða áhrif hafa hugmyndir um hlutverk og eðli kynjanna á ferlið? Markmið rannsóknarinnar er jafnframt að vekja athygli á ábyrgð kvenna á heimili og börnum og hvetja karla til að deila ábyrgðinni með konum eða eins og slagorð verkefnisins segir: Deil um ábyrgðinni – Share the Care. Rannsóknin hefur verið unnin á Barbados og er nú í vinnslu á Trínidad og Tóbagó.

Einn hluti rannsóknarinnar fólst í að taka viðtöl við fólk sem hefur reynslu af meðlagskerfinu. Ég man sérstaklega eftir einu viðtali

sem ég átti við unga fjögurra barna móður sem vann láglaunað þjónustustarf á Trínidad og Tóbagó. Hennar reynsla af kerfinu var ekki góð. Hún sagði frá því að faðir elsta barnsins hennar borgaði öðru hverju með barninu en samband hennar við föður hinna þriggja væri stopult. Hann borgaði sjaldan og lítið með þeim. Hún ákvað því að fara með málið fyrir dómstóla. Barnsfaðir hennar sagði strax að það kæmi ekki til greina að hann borgaði nokkuð ef hún færi með málið fyrir dómstóla. Hún fór nú samt og upphófst þá langt ferli. Hann neitaði að koma fyrir dómarrann og því þurfti að fá lögregluna til að afhenda honum stefnu. Að sögn móðurinnar gerðist ekkert í langan tíma og þegar hún fór að skoða málið kom í ljós að vegna anna hafði lögreglan aldrei farið með stefnuna. Hún talaði við vinkonu sína í lögreglunni sem að lokum sá til þess að hann fékk stefnuna. Þegar þau loks komu fyrir dómara sagðist hann einungis vera tilbúinn að borga örlítið með hverju barni þar sem hann væri atvinnulaus. Hún sagðist vita að hann ynni svarta vinnu og væri í raun með mun hærri tekjur en hann gæfi upp (óformlega hagkerfið er oft stór hluti hagkerfis þróunarríkja). Allt kom fyrir ekki og hún sagði að dómarrinn hefði fundið til með föðrunum og meira og minna leyft honum að ráða upphæðinni. Þar sem eftirfylgnin er ekki öflug



Hús Sameinuðu þjóðanna, þar sem svæðisskrifstofa UNIFEM er til húsa



hefur þessi móðir aðeins fengið eina greiðslu frá honum þótt margir mánuðir séu liðnir síðan dómur féll.

Annað minnstætt viðtal var við föður, einnig frá Trínídad og Tóbagó. Hann sagðist ekki hafa skilið af hverju barnsmóðirin fór frá honum og enn síður af hverju hún stefndi honum fyrir rétt til að krefja hann um meðlag. Honum fannst sárt að þurfa að standa frammi fyrir dómara eins og hver annar glæpamaður. Hann bar sig heldur aumlega og sagðist alltaf hafa hugsað vel um börnin sín, bæði tilfinningalega og fjárhagslega. Þegar leið á samtalið kom í ljós að hún hafði hlaupið út af heimili þeirra kvöld eitt um jólaeytið og inn á næstu lögreglustöð og sagt frá því að hann hefði beitt hana ofbeldi. Hann hafði hlaupið á eftir henni og inni á lögreglustöðinni hafði lögreglumaðurinn fundið til með honum og sagt honum að vera bara rólegur, þetta væri nú ekkert til að hafa áhyggjur af. Þegar leið á samtalið kom fram að þetta hafði ekki verið í fyrsta skiptið sem konan hans hafði farið til lögreglunnar vegna ofbeldis og nýlega hafði honum verið stefnt fyrir rétt vegna heimilisofbeldis og dæmdur í nálgunarbann. Hann sagðist lítið skilja hvers vegna konan væri að hafa fyrir þessu öllu saman vegna nokkurra rifrilda.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru margþættar og ekki hægt að rekja þær hér en meðal þess sem hún sýnir er að ýmis kynjuð viðhorf hafa vissulega áhrif á ferli innan kerfis sem að lokum ráða hverjar niðurstöður þessara mála verða. Þessu rannsóknarverkefni er ætlað að hafa áhrif á stefnumótun ríkja í þessum málaflokkum og reglulega eru haldnir samstarfsfundir með fulltrúum yfirvalda og dómskerfis. Þannig er tryggt að yfirvöld séu vel upplýst um gang og niðurstöður rannsóknarinnar í hverju ríki, en fulltrúar yfirvalda og lykilstofnana hafa sýnt verkefninu mikinn velvilja. Ætlunin er að fylgja þessari vinnu eftir með auglýsinga- og kynningarherferð undir slagorðinu Share the Care.

Eins og áður sagði hefur rannsóknin þegar verið gerð á Barbados og er nú í vinnslu á Trínídad og Tóbagó. Næsta skref er framkvæma rannsóknina á Jamaíku.

Samstarf í þágu friðar – Partnership for Peace

Annað verkefni sem ég hef unnið að miðar að því að minnka ofbeldi karla gagnvart konum inni á heimilum (e. 'batterer intervention programme') og ber heitið "Partnership for Peace – a Violence Prevention Programme". Þetta er eitt af mörgum verkefnum til afnáms ofbeldis karla gegn konum sem UNIFEM styður við til að bregðast við hárra ofbeldistíðni. Rannsóknir og kannanir frá ýmsum ríkjum á Karíbasvæðinu sýna að frá 30% til 69% kvenna hafa verið beittar ofbeldi í sambúð. Körlum sem eru dæmdir fyrir heimilisofbeldi er boðin þátttaka í þessu verkefni sem byggist á því að karlar sem beita konur ofbeldi taki ábyrgð á eigin hegðun, læri að breyta henni og lífa lífinu án ofbeldis. Verkefnið var prófað af UNIFEM og þverfaglegum hópi karabískra sérfræðinga og var prófað á Grenada árið 2005 með góðum árangri. Nú vinnur UNIFEM ásamt sérfræðingahópnum að því að færa verkefnið til fleiri ríkja á svæðinu með því að standa fyrir námskeiðum til að þjálfa starfsmenn stofnana og sjálfboðaliða til að standa að verkefninu. Námskeið hefur nú þegar verið haldið á St. Lúsíu og mun hefjast á Trínídad og Tóbagó nú í nóvember. Námskeiðið verður haldið á Jamaíku innan skamms.



Ein af hverjum fjórum konum í Gvæjana hefur orðið fyrir heimilisofbeldi.

Á Súrínam hafa 69% kvenna verið beittar ofbeldi í sambúð.

Í Kingston á Jamaíku hafa 17% af 13 og 14 ára stúlkum orðið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar. Flestir gerendurnir voru fullorðnir karlmenn sem þær þekktu.

Aðeins einn af hverjum átta nauðgunarþolendum sem leita sér aðstoðar hjá neyðarathvörfum kærir ofbeldið til lögreglu.

Á Trínídad og Tóbagó eru stúlkur á aldrinum 15 til 19 ára sex sinnum líklegri til að vera HIV-smitaðar en drengir á sama aldri.

Í rannsókn sem var gerð á heilsu unglinga í ríkjum á austanverðu Karíbasvæðinu sögðu 47% stúlkna að fyrsta kynlífsreynsla þeirra hafi verið þvingaðar samfarir.

Á St. Vinsent og Grenadíneyjum er 96% fátækra heimila í höndum einstæðra mæðra.

Á Trínídad og Tóbagó er fátækt meiri meðal einstæðra mæðra vegna þess að tekjur eru lægri og færri konur í þessum hópi eru í launaðri vinnu.

Á Jamaíku eru 47% af heimilum í borgum og bæjum í höndum einstæðra mæðra. 30% þeirra lifa undir fátæktarmörkum.

Nú er komin tæplega tveggja ára reynsla á verkefnið á Grenada og hefur það tekist vel. Á Grenada hafa frjálsu félagsamtökin Legal Aid and Counselling Clinic á Grenada umsjón með framkvæmd verkefnisins. Um það bil 40 karlar, 7–12 karlar í hóp, hafa nú þegar tekið þátt, en hver hópur hittist einu sinni í viku, tvo tíma í senn, í 16 skipti. Karlarnir eiga það flestir sameiginlegt að koma úr mikilli fátækt og hafa litla menntun. Þeir eru því oft varla lesandi eða skrifandi. Verkefnið er byggt upp á gagnvirkum æfingum og umræðum þar sem farið er yfir atriði eins og að skilja tilfinningar sínar og læra aðferðir við að hafa stjórn á reiði á uppbyggilegan hátt; læra að tjá sig, hlusta á aðra og leysa ágreining án þess að beita ofbeldi; fara í gegnum æsku sína og ræða hvernig fjölskyldumynstur gæti haft áhrif á þeirra eigin lífsmynstur; læra hvernig konum og körlum standa ólík hlutverk til boða í lífinu og að hefðbundnar hugmyndir um karlegt og kvenlegt eigi ekki alltaf við rök að styðjast; læra hvernig kynbundið ofbeldi í samböndum snýst fyrst og fremst um vald og stjórnun og hvernig þess konar ofbeldi og afleiðingar þess eru skaðlegar á margvíslegan hátt; læra um kynlíf og oft ólíkar hugmyndir kynjanna um kynlíf; læra um hvernig hægt er að komast hjá kynsjúkdómum; læra um föðurhlutverkið og afleiðingar heimilisofbeldis á börn; læra aðferðir til að ráða við stress og áföll; læra um afleiðingar misnotkunar áfengis og eiturfya; læra um hvernig þeir geta notað trú til að lifa lífinu án ofbeldis; læra um hvaða augum réttarkerfið lítur heimilisofbeldi og læra ýmiss konar tækni til að koma í veg fyrir að þeir beiti aftur ofbeldi. Markmið verkefnisins er jafnframt að hvetja karlana til að styðja hver annan til að lifa lífinu án ofbeldis og tala fyrir því að aðrir karlar geri slíkt hið sama.

Í október sat ég fund með sjálfboðaliðum sem unnið hafa að verkefninu á Grenada. Þau sögðu frá því hvernig afstaða margra karlanna gjörbreyttist. Í upphafi voru þeir ósáttir við að þurfa að taka þátt í verkefninu og kenndu 'henni' um allt, en á námskeiðinu lærðu að tileinka sér þessa nýju þekkingu og líta sjálfan sig og gjörðir sínar gagnrýnum augum. Erfiðast fannst sjálfboðaliðunum að geta ekki vísað þeim til sérfræðinga eftir að námskeiðinu lyki til að halda vinnunni áfram, þar sem lítið er um slíka þjónustu á Grenada.

Hingað til hafa fæstir þessara 40 karla sem tekið hafa þátt í þessu verkefni brotið af sér aftur. Þrír hafa þó komið aftur fyrir dóm vegna heimilisofbeldis, en tveir þeirra hættu í miðju verkefni. Að lokum er vert að vitna í orð eins þátttakanda í verkefninu, en hann sagði: I accept the program – it changed my ways.

Að lokum

Ég er afar þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að starfa fyrir UNIFEM-skrifstofu Karíbasvæðisins, enda fátt sem skemmtilegra, lærdómsríkara og meira hvetjandi en að vinna með kraftmiklu fólki að réttlátara samfélagi.

Hildur Fjóra Antonsdóttir starfar á svæðisskrifstofu UNIFEM á Karíbasvæðinu.

HÆSTA ÁVÖXTUN 2006 MEÐAL STÆRSTU LÍFEYRISSJÓÐANNA



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Skrifstofan er opin frá kl. 8.30 - 16.30 · Kringlan 7 · 103 Reykjavík · Sími 580 4000 · Fax 580 4099 · skrifstofa@live.is · www.live.is

www.live.is

Grátið undir tré í Bombali

Það var í október á liðnu ári sem við heimsóttum næringarspítala í jaðri bæjarins Makeni í Síerra Leóne. Bærinn er höfuðstaður Bombali-héraðs og við vorum á ferðinni að taka upp myndefni fyrir fjáröflun okkar á Íslandi. Þegar við renndum í hlaðið tók dr. Abdul og hans fólk á móti okkur og eftir stutta kynningu gengum við af stað í átt að spítalanum. Það var farið að líða á daginn og við höfðum heimsótt marga staði fyrir um daginn og dagana á undan þannig að við töldum okkur vera sjóuð í slíkum heimsóknum.

Þetta var hvorki háreist né merkileg bygging, en starfsemin þar innan dyra gerist vart merkilegri. Á spítalanum eru þrjár stórar sjúkrastofur en nær engin rúm. Abdul sagði okkur frá starfinu á meðan við gengum um. Spítalinn þjónar héraðinu og þangað koma á milli 90 og 100 alvarlega vannærð börn á mánuði. Sem betur fer er árangurinn mjög góður og yfir 94% þeirra barna sem þanga koma lifa af og ná sér að fullu. Því miður eru ekki margir svona spítalar í landinu og börn sem ná aldrei hingað eru mörg.

Við stoppuðum hjá ungrri stelpu sem sat á gólfinu með vannært barn sitt í fanginu. Það var ekki auðvelt að segja til um aldur barnanna sem þarna voru því vexti þeirra og þroska hafði klárlega verið hamlað sökum vannæringarinnar. En þetta barn var innan við eins árs og mamman var 16 ára. Síðar kom í ljós að þetta var hennar þriðja barn.

Þarna stóð ég frammi fyrir heimi sem ég fæ ekki skilið. Heimi þar sem stelpur giftast að meðaltali 15 ára og eignast sitt fyrsta barn um 16 ára gamlar. Börn yngstu mæðranna eru í mestri hættu á vannæringu og sjúkdómum. Í Bombali-héraði deyr nær



UNICEF/Proezi

þriðja hvert barn áður en það nær fimm ára aldri af orsökum sem hægt er að koma í veg fyrir með aðstoð á borð við þá sem veitt er á næringarspítalanum.

Þessi þriggja barna barnunga móðir sem sat á gólfinu með vannært barnið sitt í fanginu á þessum hrörlega spítala, beið milli vonar og ótta um hvort litla barnið hennar myndi lifa af eða ekki. Örvænting hennar og bjargarleysi var algert. Þessar aðstæður báru mig ofurlíði og ég forðaði mér út. Gekkt undir næsta tré, horfði yfir græna sveitina á meðan sólin seig og ég grét eins og smástrákur.

Á meðan borgarastyrjöldin stóð yfir í Síerra Leóne voru ungar stúlkur teknar í stórum hópum sem þjónar og kynlífsþrælur hermanna. Þær fylgdu hermönnum eftir í gegnum landið í ánaud og lifðu við ótrúlegt ofbeldi og misnotkun. Stríðinu lauk árið 2000. Því miður er misnotkun og ofbeldi gegn stúlkum enn yfirþyrmandi í Síerra Leóne, eins og barnunga móðirin sýndi mér. Tegund misnotkunarinnar hefur breyst en hún er enn til staðar.

Fyrir um daginn hafði ég verið í nýjum skóla sem við hjá UNICEF höfðum hjálpað til við að koma af stað. Þar sagði þorpshöfðinginn að gott væri að fá slíkan skóla því þá gætu stelpurnar lært og að það hefði þau beinu áhrif þær giftust seinna og eignuðust sitt fyrsta barn síðar á ævinni. Þennan dag rann upp fyrir mér á ógleymanlegan hátt hvað réttindi kvenna skipta miklu máli fyrir framþróun og velferð hvers samfélags. Ég hafði áður haldið um það margar kynningar og fyrirlestra hvað menntun stúlkna og kvenna væri nauðsynleg en þennan dag fékk ég að upplifa það og sjá með eigin augum hve miklu máli menntun skiptir í raun og því mun ég aldrei gleyma. Það verður engin framþróun án þess að réttindi kvenna séu tryggð og allir fá menntun.

Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi



Klerkur og kona á gangi frá heilögum grafreit í trúarborginni Qom.

Kerfið stóð aldrei með mér

Andstæðurnar á svæðinu við Kaspíahafið í norð-urhluta Írans eru miklar. Öðrum megin við þjóðveginn eru sumarhúsahverfi með stórum, loftkældum húsum þar sem Teheran-búar ala manninn í fríum og til að flýja mengunina í stórborginni. Hinum megin við þjóðveginn eru lítil þorp þar sem lífsbaráttan er öllu harðari. Í einu þessara þorpa býr Maryam.

Maryam er aðeins nokkrum árum eldri en ég, 31 árs. Hún er með stór og falleg augu sem einhvern veginn geisla af æðruleysi. Maryam hefur getið sér gott orð sem spákona og sífellt fleiri leita til hennar til að forvitnast um möguleg örlög sín. Þar á meðal vel stæðar konur frá Teheran. Ein af hástéttarvinkonum mínum úr höfuðborginni, sem annars myndi aldrei fara ótilneydd inn á lágstéttarheimili, leitar reglulega til hennar og í eitt skipti fengu tveir forvitnir Íslendingar að fylgjast með.

„Hann hélt mér fanginni á heimilinu en sjálfur átti hann í ástarsamböndum eins og honum sýndist. Ég kvartaði til dómstóla yfir brotum hans og í hvert skipti sem ég kvartaði lamdi hann mig illa.“

Maryam lýsir því þegar dómarrar við trúardómstólana buðust til að aðstoða hana við að fá skilnað ef hún veitti þeim kynferðislega greiða á móti. Og gerðirðu það, spyr ég. „Nei, þess vegna fékk ég ekki skilnað.“

Við vorum varla komnar inn úr dyrunum þegar Maryam spurði hvort ég væri að fara til Indlands. Ég hikaði því ég hafði einmitt verið að hugsa til indverskrar vinkonu minnar og hvort ég kæmist nú ekki til hennar fljótlega.

Ég hef aldrei viljað fara til spákonu, miðils, eða annarra sem segja manni hvað eigi að gerast í framtíðinni. Og ég hugsa ég fari aldrei aftur. En eftir að hafa fylgst með öruggum hreyfingum Maryam og hlustað á sefandi rödd hennar lesa úr spilunum á farsí fyrir vinkonu mína stóðst ég ekki mátið að fá að prófa að hlýða á minn eigin spádóm, með milligöngu vinkonu minnar því Maryam talar ekki ensku.

Spádómurinn var líklega nokkuð klassískur. Ég mun giftast fljótlega og óskir mínar munu rætast. Hún sá að það var eitthvað að angra mig en lofaði að það leystist farsælega innan níu vikna eða níu mánaða. Talan níu kom oft upp.

Eftir að Maryam hafði lagt út spil og lesið úr bolla í klukkustund var komið að mér að spyrja hana út í hennar líf, enda var ég í Íran í þeim tilgangi að taka viðtöl við konur. Hún svaraði mér í einlægni og lá stundum svo mikið á hjarta að varla gafst tími fyrir vinkonu mína að þýða.



Par á bekk í fjallgarði við kúrdaborgina Sanandaj í vesturhluta Írans.

Giftist 14 ára

Foreldrar Maryam eignuðust þrjár dætur í röð en óskuðu sér alltaf að eignast son. Tvær dætranna fengu hlaupabólu sem dró aðra þeirra til dauða en hin lamaðist. „Þetta gerðist vegna þess að foreldrar mínir voru ekki þakklátir guði fyrir að hafa eignast dætur, þetta var refsing,“ útskýrir Maryam og bætir við að þau hafi loks eignast son og svo stuttu síðar kom Maryam sjálf í heiminn.

Þegar Maryam var fjórtán ára höfðu foreldrar hennar fundið handa henni mann og giftust þau. Hann var þá 21 árs. Maryam flutti heim til eiginmanns síns og fjölskyldu og bjó þar í þrjú ár áður en þau fluttu í eigið húsnæði. Tengdafjölskyldan var stjórnsöm og eiginmaðurinn hefur ekki reynst Maryam vel. Hann er háður eiturflyfum, heldur framhjá og stundar fjárhættuspil og hefur fyrir vikið aldrei staðið við sínar skuldbindingar í hjónabandinu.

Maryam byrjaði sjálf að vinna sem hárgreiðslukona og snyrtifræðingur. „Þegar ég fór að vinna varð maðurinn minn mjög afbrýðisamur því hann hélt ég yrði kannski frægur snyrtifræðingur. Svo að hann bannaði mér að vinna. Hann hélt mér fanginni á heimilinu en sjálfur átti hann í ástarsamböndum eins og honum sýndist. Ég kvartaði til dómstóla yfir brotum hans og í hvert skipti sem ég kvartaði lamdi hann mig illa. Kerfið stóð aldrei með mér,“ segir Maryam en í Íran byggja dómstólar á íslömskum



Tvær stúlkur á spjalli í almenningsgarði í Teheran.



Kona á leið á markað í Qaszvin.

lögum þótt deilt sé um hversu mikið í takti við íslam lögin sem dæmt er eftir séu. Klerkarnir í dómarasættunum hlustuðu lítið á Maryam. „Lögin eru ekki fyrir konur. Þau vinna ekki með þeim. Alltaf þegar kona leita réttar síns er henni sagt að hún sé kona og þurfi að sætta sig við þetta. Þeir minnst aldrei á það við karl að hann eigi að breyta hegðun sinni á nokkurn hátt. Ég fann mína leið til að vera hamingjusöm. En konur sem ég hef þekkt hafa framið sjálfsmorð því þær hafa ekki fundið neina aðra leið.“

Fráskildar konur litnar hornauga

Maryam vildi fá skilnað áður en þau eignuðust barn en foreldrar hennar studdu hana ekki. Eftir að foreldrar hennar féllu frá ákvað hún að láta á það reyna að fá skilnað. Hún hafði erft svolitla peninga og kom sér upp íbúð í nálægri borg. Þar bjó hún í eitt og hálf ár en það hvorki gekk né rak að glíma við kerfið. „Maðurinn minn bannaði mér að sjá börnin mín í sex mánuði en ég sagði við sjálfa mig að það mikilvægasta í lífi mínu væri mitt eigið frelsi sem kona og sem manneskja,“ segir Maryam og lýsir því

hvernig hún sló öll vopn úr höndunum á honum. Hún þarfnast hans ekki fjárhagslega eða tilfinningalega og sagði að hann mætti þá bara hafa syni þeirra tvo ef hann endilega vildi. „Þá fór hann að grátbiðja mig um að koma aftur, og hann varð einhvern veginn mýkri.“

Maryam segist hafa áttað sig á því að hún væri að sóa lífi sínu enda gæti það tekið fimm til níu ár fyrir hana að fá skilnað. Svo að hún ákvað að flytja aftur heim. „Fráskildar konur eru litnar hornauga og mér fannst samfélagið svo slæmt að ég vildi frekar lifa hér á heimilinu í friði,“ segir Maryam og lýsir því þegar dóm- arar við trúardómstólana buðust til að aðstoða hana við að fá skilnað ef hún veitti þeim kynferðislega greiða á móti. Og gerð- irðu það, spyr ég. „Nei, þess vegna fékk ég ekki skilnað.“

Eftir að Maryam flutti aftur heim var maðurinn hennar ekki eins ofbeldisfullur og lagði meira upp úr því að halda friðinn. Hann fylgdist engu að síður vel með henni og hún segist ekki geta farið

í göngutúr án þess að þurfa að svara mörgum spurningum um hvar hún hafi verið og með hverjum. „Ég vil bara frelsi,“ útskýrir Maryam. „Ég vil geta farið út þegar ég vil. Í starfi mínu má ég ekki hitta karla, hvers vegna ekki? Af hverju er ég spurð endalausra spurninga og svo svarar maðurinn minn engu þegar hann kemur heim kl. 2 á næturnar?“ spyr Maryam og er líka ósátt við takmarkað kynfrelsi kvenna. „Ég nýt ekki kynlífsins og mér finnst alltaf eins og verið sé að misnota mig eða nauðga þegar við sofum saman. Ég tala mikið við konur í vinnunni og ég veit að í langflestum samböndum er þetta svona. Flestar konur sætta sig við þetta.“

Maryam er mjög trúuð og þakkar guði fyrir hæfileikann til að spá enda veiti það henni fjárhagslegt sjálfstæði. Hún gefur hins vegar ekki mikið fyrir túlkun stjórnvalda á íslam. „Guð dró ekki línu milli karla og kvenna. Hann sagðist hafa skapað manneskjur, og það er það sem við erum. Ég trúi á guð. Ég hef mína eigin trú,“ segir Maryam en segist ekki skilja hugmyndina á bak við hejab, sem eru reglur um klæðaburð í Íran og fela í sér að kona þarf að hylja hár sitt og líkamsvöxt. „Af hverju ættum við að hylja okkur? Ef manneskja er góð, þá veit guð það. Ég get ekki falið minn innri mann. Hugmyndirnar að baki þessu kerfi koma frá karlreimum sem hafa túlkað lögin í sína þágu. Þetta er ekki það sem guð vill, og ekki það sem konur vilja. Ég vona að einn daginn verði litið á konur sem manneskur sem eru jafnar körlum,“ segir Maryam.

Hún bað um hjálp

Eftir að við kvöddum Maryam var ég mjög hugsí og hafði satt best að segja takmarkaða þolinmæði í að hlusta á hástéttarvin-

konu mína furða sig á því að kona af lágstétt gæti haft svona „réttar skoðanir“ á stjórnvöldum. Maryam hafði heillað mig með afdráttarlausum viðhorfum sínum og lífsvilja og einhvern veginn brýnt mig til dáða, án þess kannski að hafa ætlað að gera það. En hún bað líka um hjálp.

Staða Maryam er ekki endilega dæmigerð fyrir stöðu allra íranskra kvenna. Ég talaði við konur sem sögðust aldrei hafa heyrt minnst á ofbeldi gegn konum og töldu að það hefði kannski verið í gamla daga en ekki núna. Ég talaði við konur sem giftust af ást og konur sem giftust mönnum sem þær höfðu aldrei séð. Sumar voru hamingjusamar, aðrar ekki. Sumar voru trúaðar, aðrar ekki. En þær konur sem á annað borð töluðu um kynlíf við mig höfðu svipaða sögu og Maryam að segja. Þeim fannst þær misnotaðar og voru alls ekki fullnægðar.

Ofbeldi gegn konum er ekki bundið við lítil þorp í Íran. Alls staðar í heiminum eru konur beittar ofbeldi og í mörgum tilvikum af körlum sem þær ættu að geta treyst. Íranskar konur glíma hins vegar við tvöfalt misrétti því að þar vinna líka lög og reglur gegn þeim. Hér á Íslandi búum við enn við þann veruleika að fjöldi kvenna verður fyrir ofbeldi en færstar þeirra treysta sér til að leita réttar síns.

Það er kominn tími til að við hjálpum Maryam. Ekki bara hinni írönsku Maryam heldur öllum Maryömunum í heiminum sem þurfa að búa við ógnina af ofbeldi.

Halla Gunnarsdóttir, blaðamaður

OFNÆMI... NEI TAKK

ÞESS VEGNA INNIHALDA NÝJU BARNVÖRURNAR FRÁ NEUTRAL ENGIN ILMEFNI EÐA ÓNAUÐSYNLEG VIÐBÓTAREFNI

Þriðjungur allra barna á það á hættu að fá ofnæmi. Notkun ilmefna og ónauðsynlegra viðbótarefna eykur þá hættu. Neutral vill ekki stuðla að ofnæmi. Þess vegna innihalda nýju barnavörurnar frá Neutral engin aukaefti og eru allar heilbrigðisvottaðar í samstarfi við astmasérfræðinga. Það er framlag Neutral til heilbrigðrar húðar.



Neutral
verndar viðkvæma húð





Per-Anders Pettersson/Getty Images

Nonmume Alittee er 18 ára. Hún býr í miðstöð sem rekin er af Heal Africa, samtökum sem hlúa að fórnarlömbum nauðgunar. Fimm menn réðust á hana þegar hún var á leið á markaðinn í þorpinu sínu. Þeir nauðguðu henni og myrtu ömmu hennar og afa til að tryggja að Nonmume segði ekki til þeirra.

Nauðgunarstríðið í Austur-Kongó

Á Íslandi ber Austur-Kongó helst á góma í tengslum við Tinnabókina sem gerist þar um slóðir. Ekki hefur mikið verið fjallað um stríðið sem geisaði þar um sex ára skeið og lagði fjórar milljónir manna að velli. Kynbundið ofbeldi var svo ríkur þáttur í átökunum að stundum var talað um „nauðgunarstríðið í Kongó“. Þótt friðarsamningum hafi verið náð fyrir nokkrum árum hefur ástandið aðeins batnað að takmörkuðu leyti. Enn ríkir skálmöld í stórum hluta landsins og eins og oft vill verða eru það konurnar sem bera hitann og þungann af ástandinu.

Blóði drifin fortíð

Austur-Kongó býr yfir heilmiklum auðlindum en varð mjög seint nýlenda miðað við aðrar þjóðir Afríku. Það var ekki fyrr en undir lok 19. aldar að Leópold II Belgíukonungur gerði landið að sinni persónulegu eign undir nafninu Fríríkið Kongó. Undir stjórn Leopolds viðgekkst gríðarleg grimmd; milljónum heimamanna var misþyrmt eða þeir myrtir til að tryggja arðbærum fyrirtækj-

arekstri konungs nauðgunarstarfsmenn. Vegna þrýstings frá alþjóðasamfélaginu gekk landið frá konungi til belgíska ríkisins árið 1908, hlaut nafnið Belgíska Kongó, og batnaði ástand mannúðarmála nokkuð.

Þegar Kongó fékk sjálfstæði undan Belgíu 1960 tók við nokkurra ára óvissuástand, sem lauk með því að hershöfðinginn Mobutu Sese Seko gerði valdarán sem talið er að leyniþjónusta Bandaríkjanna hafi stutt. Hann breytti nafni landsins í Saír og við tók áratuga einræðisstjórn. Nokkur stöðugleiki ríkti í landinu en tímabilið einkenndist þó af gríðarlegri spillingu; óstjórn ríkti í efnahagsmálum og innviðum landsins var leyft að grotna niður. Öll andstaða við stjórnvöld var kveðin niður með harðri hendi og einungis stjórnmalaflokkur Mobutu var leyft að starfa.

Ófremdarástandið sem nú ríkir í landinu hófst með átökunum í Rúanda árið 1994. Þegar þjóðarmorðunum í Rúanda lauk er talið að um tvær milljónir Hútúmanna hafi flúið yfir landamærin til Saír af átta við hefndaraðgerðir Tútsa. Í þessum hópi voru að mestu almennir borgarar sem ekkert höfðu til saka unnið, en einnig öfgamenn úr röðum Interahamwe, þeirra herskáu hópa sem staðið höfðu fyrir þjóðarmorðunum. Frá lokum kalda stríðs-

ins hafði stjórn Mobutu stöðugt verið að veikjast þannig að hann sá þann kost vænstan í stöðunni að halda verndarhendi yfir þessum nýju gestum sínum.

Svo kom að því að nágrannaríkin urðu langþreytt á því að víga-menn Hútúa gætu óátalið skipulagt árásir frá Saír. Því studdu Rúanda og Úganda uppreisnarhreyfingar undir stjórn Laurent Kabila til að velta Mobutu úr sessi. Mobutu flýði land í maí 1997 og lést skömmu síðar, en uppreisnarleiðtoginn Kabila útnefndi sjálfan sig forseta landsins. Hann breytti nafni landsins aftur í Lýðræðislega Lýðveldið Kongó, sem nefnist á íslensku Austur-Kongó, og hét miklum umbótum. Ekkert varð af þeim en Kabila tileinkaði sér strax spillta stjórnarhætti Mobutu.

Mannskæðasta stríð í seinni tíð

Þegar bandamönnum Kabila í Rúanda og Úganda þótti standa á efndum loforða hans snerust þeir gegn honum. Hann leitaði því ásjár nágranna sinna í Simbabve, Namibíu og Angóla til að tryggja stöðu sína. Þessar tvær fylkingar háðu miskunnarlaust stríð, enda mikil auðævi að hafa fyrir þann sem bæri sigur úr bítum. Stríðinu lauk ekki fyrr en Suður-Afríka og alþjóðasamfélagið knúðu á um friðarsamkomulag. Milljónir manna neyddust til að flýja heimili sín og höfðu ekki aðgang að heilbrigðisþjónustu. Alþjóðabjörgunarnefndin (e. 'International Rescue Committee') telur að á árunum 1998 til 2004 hafi allt að fjórar milljónir manna týnt lífi í tengslum við átökin. Vopn streymdu inn í landið frá Rúanda og Úganda og stríðsherrar sem áður höfðu aðeins haft sveðjur og spjót fengu byssur í hendurnar. Skæmur á milli ættbálka mögnuðust því fljótt upp og stríðið var frá upphafi feiknarhart. Ferringin sem ríkti í Rúanda stuttu áður smitaðist líka yfir til Kongó með þeim stríðsglæpamönnum sem flúðu höfðu yfir landamærin eftir þjóðarmorðin.

Það gífurlega mannfall og ofbeldi sem viðgekkst í stríðinu átti varla sinn líka. Mannréttindi höfðu ekki verið hátt skrifuð áður en gleymdust algerlega þegar leikar stöðu sem hæst. Við slíkar aðstæður er alltaf hætt við að staða kvenna versni. Illvirki gegn konum voru svo hryllileg og algeng að ofbeldinu er gjarnan lýst sem „stríði innan stríðsins“ eða „stríði gegn konum“. Þótt friðarferli hafi verið komið af stað 2002 og stríðinu hafi að nafninu til lokið þá er ástandið fjarri því að vera eðlilegt. Friðarsamningarnir höfðu í för með sér að erlendar hersveitir yfirgáfu landið. Innlendar sveitir voru þó enn undir vopnum. Enn láta þúsundir manna lífið ár hvert af völdum átaka sem geisa í landinu. Sérstaklega er ástandið slæmt í austurhluta landsins. Þar eru konur og stúlkur í sérstakri áhættu. Árið 2005 gerðu hjálparsamtökin International Alert könnun þar sem rætt var við 492 konur í Suður-Kivuhéraði. Í ljós kom að 79% þeirra höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi þar sem gerendurnir voru frá tveimur og upp í 20.

Í samtali við sömu hjálparsamtök lýsti kongóskur hermaður hvatanum að baki nauðgunum í stríðinu: „Hermennirnir fá ekki greidd laun. Þess vegna geta þeir ekki farið til vændiskvenna. Ef við biðjum konur kurteislega að koma með okkur koma þær ekki. Þannig að við verðum að fá þær til að hlýða okkur svo við fáum það sem við viljum.“ Þótt vissulega hafi stríðið snert við öllum íbúum landsins lýsa þessi orð því hvernig ástandið horfir við konum sérstaklega. Hvort sem um var að ræða líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi, eða að hneppa konur í þrældóm, litu stríð-

SAGA FURAHA

„Snemma kvölds í júlí 2004 var ég á leiðinni að sækja vatn. Þetta var fimm mínútna gangur að heiman. Ég var ein á ferð og bar tvo vatnsbrúsa. Ég fyllti þá báða og fór heim með þann fyrri.

Þegar ég fór að sækja seinni brúsann kom ungur nágranni okkar aftan að mér og greip utan um mig. Við vorum á litlum stíg og hann dró mig inn á milli runna. Hann spurði hvort ég vildi sofa hjá sér og ég neitaði. Ég byrjaði að öskra. Ég stóð og hann reyndi að klæða mig úr pilsinu. Þegar ég reyndi að stöðva hann hrinti hann mér á jörðina og reif mig úr pilsinu. Hann tók mig með valdi. Hann var 20 ára. Ég fann svo mikið til þegar hann nauðgaði mér. Hann skildi mig bara eftir þarna. Ég skildi vatnsbrúsann eftir, hljóp heim og sagði mömmu hvað hafði gerst.

Þessa nótt var ég andvaka. Mamma fór og sagði fjölskyldu stráksins hvað hann hefði gert en hann neitaði því. Daginn eftir ætlaði ég á spítalann. Á leiðinni rákumst við á frænku mína. Hún sagði okkur að fara til DOCS (Doctors on Call Service). Ég fór þangað með mömmu, frænda mínum og tveimur frænkum. Fjölskylda mín hafnaði mér ekki heldur hjálpaði mér að komast undir læknishendur. Ég sæki ennþá vatn, en bara í dagsbirtu.“

Hjá DOCS í Austur-Kongó fékk Furaha ókeypis lækniþjónustu. Hún fékk lyf til að minnka hættuna á HIV-smiti og sýklalyf. Þegar hún kom aftur til DOCS þremur mánuðum síðar leiddi HIV-próf í ljós að hún væri ekki smituð.

Auk þess að bjóða upp á lækniástoð setti starfsfólk DOCS sig í samband við lögfræðing til að sækja málið. Lögreglan handtók nágrannann daginn eftir nauðgunina og fangelsaði hann. Því miður fengu foreldrar hans hann lausan, líklega með mútum. Hann stundar nú nám í Bukavu.

Í kjölfar herferðar þar sem skólabörn voru vakin til vitundar um kynferðislegt ofbeldi og kennt hvernig þau ættu að bregðast við ef þau yrðu fyrir misnotkun hafa fleiri stúlkur leitað aðstoðar hjá DOCS. Starfsmaður þar sagði að fjölmörgum stúlkum í Gomahéraði Austur-Kongó væri nauðgað af óbreyttum borgurum. „Þetta er samfélag þar sem körlum finnst þeir mega gera hvað sem þeim sýnist við konur án þess að svara til saka. Þetta er samfélag sem stríð og refsileysi hefur skemmt.“



Per-Anders Pettersson/Getty Images

Götubörn að leik fyrir utan skýli fyrir heimilislausa í Kinshasa, höfuðborg Austur-Kongó. Betty, sem er 14 ára og vinstra megin á myndinni, og Esther, sem er 9 ára og fyrir miðri mynd, starfa sem vændiskonur í Kinshasa. Viðskiptavinir þeirra greiða 1 bandaríkjadal fyrir greiðann, en peningana nota þær til að kaupa sigarettur, áfengi og eiturlyf.

andi fylkingar á það sem rétt sinn að ganga á rétt kvenna. Að stríðinu loknu eimir enn eftir af þessu hugarfari.

Stjórnkerfið gallað

Í valdatíð Mobutu lifði ríkisvaldið snikjulífi á landi og þjóð og stakk hagnaði af auðlindum landsins í eigin vasa. Landið hefur enga hefð fyrir því að stjórnálamenn svari til saka fyrir gjörðir sínar og borgararnir hafa aldrei tamið sér lýðræðislegan þanka-gang. Svo að ríkinu takist að leiða fram umbætur verður að

vinna upp áratuga forsögu spillingar og óstjórnar. Konum er enn haldið frá flestum valdastöðum og koma þær almennt lítið að ákvarðanatöku. Þær þarf sértaklega að hvetja til að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem framundan er.

Þegar samið var um frið var sonur Laurent Kabila, Joseph Kabila, settur forseti yfir bráðabirgðastjórn landsins. Í fyrra bar hann svo sigur úr bytum í fyrstu lýðræðislegu kosningunum sem haldnar hafa verið í landinu í rúm 40 ár. Hann hefur heitið úrbótum í mannréttindamálum. Til að sú vinna takist þarf að leggja mikla áherslu á að styrkja réttarkerfi landsins. Sem dæmi má nefna að refsileysi í kynferðisbrotamálum er algert. Yakin Ertürk, sérstakur fulltrúi Sameinuðu þjóðanna, sagði í skýrslu um ástandið í Kongó að nauðganir og ofbeldi gegn konum væru gífurlega algengt vandamál og að gerendurnir væru jafnt vígahópar sem ekki tengjast stjórnvöldum, kongóskir her- eða lögreglumenn og í síauknum mæli almennir borgarar. Stjórnvöld á hverjum stað gerðu lítið til að stöðva glæpamennina, hvað þá að sækja þá til saka.

Stríðsnauðganir vaxandi vandamál um allan heim

Ljóst þykir að kynferðisofbeldi gegn konum og stúlkum hefur lengi verið hluti af stríðsátökum þar sem lítið hefur verið á nauðganir sem hluta af sigurlauninum. Undanfarna áratugi

Komdu í heimsókn:

www.grænakistan.is

Við bjóðum fjölbreyttar vörur sem m.a. eru framleiddar með manneskjuna og framtíðina í huga, náttúruvænar vörur og líka eitthvað fyrir alla.

„Hermennirnir fá ekki greidd laun. Þess vegna geta þeir ekki farið til vændiskvenna. Ef við biðjum konur kurteislega að koma með okkur koma þær ekki. Þannig að við verðum að fá þær til að hlýða okkur svo við fáum það sem við viljum.“

Í Rúanda áætla Rauði krossinn að allt að hálfri milljón kvenna hafi verið nauðgað á þeim 100 dögum sem þjóðarmorðin stóðu yfir. Talið var að nánast hver einasta kona og kynþroska stúlka hefði verið fórnarlamb kynferðislegs ofbeldis af einhverju tagi.



Jose Cendamo/AFP/Getty Images

Konur hvílast í heimili sem GESOM-samtökin reka fyrir konur sem orðið hafa fyrir nauðgun Austur-Kongó. Í austurhluta landsins snúa fjölskyldur fórnarlambanna gjarnan við þeim baki. Þessi höfnun bætist ofan á líkamlegan skaða sem konurnar hafa orðið fyrir.

virðist ástandið þó hafa farið stigversnandi. Vissulega gæti það helgast af þeirri fjölmiðlaathygli sem beinst hefur að vandanum, sérstaklega í kjölfar átakanna í fyrrverandi ríkjum Júgóslavíu og í Rúanda. Þó er líklegra að eðli stríðs sé að breytast til hins verra fyrir konur og stúlkur. Í átökum á milli hópa sem skilgreina sig út frá kynþætti eða trúarbrögðum verður ofbeldi gegn konum oft ríkjandi þáttur. Í Bosníu voru nauðganir á almannaþæri til dæmis notaðar til að stökkva heilum múslímasamfélögum á flóttu og í Rúanda áætla Rauði krossinn að allt að hálfri milljón kvenna hafi verið nauðgað á þeim 100 dögum sem þjóðarmorðin stóðu yfir. Talið var að nánast hver einasta kona og kynþroska stúlka hefði verið fórnarlamb kynferðislegs ofbeldis af einhverju tagi.

mál og oft erfitt að sjá hvaðan réttlætið á að koma. Alþjóðlegir stríðsglæpadómstólar geta aðeins sinnt brotabroti þeirra mála sem upp koma. Margar ríkisstjórnir hafa hvorki næga fjármuni né pólitískan vilja til að gera réttarkerfinu kleift að takast á við kynbundið ofbeldi af þeim krafti sem þarf. UNIFEM vill þrýsta á og styðja ríkisstjórnir við að vinna að nauðsynlegum breytingum. Oft veigra fórnarlömb sér við að leggja fram kæru eða segja sögu sína af ótta við að vera afneitað af sínum nánustu. UNIFEM leggur herferðum til að breyta viðhorfi almennings lið. Styrktarsjóður UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum hefur aðstoðað samtökin Mouvement pour la Jeunesse Congolaise HIV við að vekja athygli á tengslum milli kynbundins ofbeldis og HIV/alnæmis.

Á þeim svæðum þar sem stríð geisa og á svæðum sem eru að jafna sig eftir átök er refsileysi í ofbeldismálum alvarlegt vanda-

AII

Fé safnað í þágu Styrktarsjóðs UNIFEM

Á tíu ára starfsafmæli Styrktarsjóðs UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum hefur UNIFEM á Íslandi ákveðið að leggja sérstaka áherslu á að safna fé í sjóðinn. Í því skyni hefur í auknum mæli verið leitað til einstaklinga og fyrirtækja. Undanfarið hafa í fyrsta sinn hér á landi farið fram viðburðir, sem

skipulagðir eru í þágu Styrktarsjóðsins, og innan skamms mun UNIFEM á Íslandi ýta úr vör átaki til að afla sjóðnum fjár. Einstaklingar geta sem fyrr lagt sjóðnum lið með því að skrá sig á heimasíðunni www.unifem.is.

Tónleikar Gilles Apap

Salur Grafarvogskirkju var fullur í tvígang þegar franskur fiðluleikarinn Gilles Apap lék á tónleikum til styrktar Styrktarsjóði UNIFEM 7. október síðastliðinn. Þetta voru síðustu tónleikarnir í röð fernra tónleika sem Gilles hélt í þessari Íslandsheimsókn sinni, sem Hjörleifur Valsson hafði veg og vanda af að skipuleggja. Ásamt Hjörleifi og Gilles komu Íslenska kammersveitin og balzamsveitin Bardukha fram.

Með fulltingi kammersveitarinnar blandaði Gilles meðal annars saman Bach og írskri þjóðlagatónlist og flutti einnig eigin útsetningu á íslenska þjóðlaginu Magnús raular. Þá var fjórði konsert W. A. Mozarts fyrir fiðlu og hljómsveit fluttur á tónleikum, en á köflum hljómaði útsetningin eins og Mozart hefði verið borinn og barnfæddur Íri eða sunnan frá Jamaíku. Eftir hlé hófu Hjörleifur og Gilles leikinn á fiðludúettum eftir Béla Bartók en svo gerði Bardukha tilraun til að ljúka tónleikum með því að losa þaksperrurnar á kirkjunni með fjörugri tónlist sinni.

Gilles er fæddur í Alsír og alinn upp á suðurströnd Frakklands en hefur undanfarna áratugi verið búsettur í Bandaríkjunum. Hann hefur getið sér orðs sem einn fremsti og frumlegasti fiðluleikari heims og hefur komið fram sem einleikari með mörgum þekktustu hljómsveitum heims. Auk yfirburða tækni og lagni við hljóðfærið vekur frjálsgleg og fjörug framkoma Gilles á tónleikum hvarvetna athygli.



Starfs síns vegna ferðast Gilles mikið og kemur þá gjarnan fram til styrktar góðum málefnum, líkt og hér. „Þótt framlag mitt sé aðeins dropi í hafið þá eru styrktartónleikar eitt af því góða sem tónlistin getur leitt af sér,“ segir Gilles, og bætir við að sér þyki sérstaklega ánægjulegt að geta lagt lóð sín á vogarskálarnar í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.

Allur aðgangseyrir tónleikanna rann í Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum. Ljóst er að þær 600 þúsundir króna sem söfnuðust á tónleikum koma í góðar þarfir.

Hópdans í Vodafonehöllinni

Líkamsræktarstöðin Hreyfing efndi til hóptíma í zumba til styrktar UNIFEM í Vodafonehöllinni laugardaginn 3. nóvember. Í hóptímanum söfnuðust um 400 þúsund krónur, sem renna til Styrktarsjóðs UNIFEM og verða tileinkaðar baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi í Suður-Ameríku

Zumba er nýjasta æðið í heilsuræktargeiranum í dag. Zumba varð til fyrir tilviljun í þolfimitíma í Kólumbíu hjá þolfimikennaranum Beto Perez, þegar hann gleymdi að taka með sér tónlist í kennslutíma. Eina tónlistin sem hann fann í bílnum hjá sér var sú tónlist sem hann hlustaði helst sjálfur á; suður-amerískt salsa og merengue. Fullur salur af fólki beið eftir honum og eina ráðið var að finna lausn á staðnum. Hreyfingarnar voru leiknar af fingrum fram, tíminn heppnaðist vel og Beto hélt áfram að nota tónlistina og hreyfingarnar við kennslu sína. Úr varð æfingakerfið zumba,



sem farið hefur eins og eldur í sinu um allan heim og er nú komið til Íslands.

John Fernando, sem var gestakennari á námskeiðinu, ólst upp í Kólumbíu og þekkir af eigin raun það óréttlæti sem konur mega þola í Suður-Ameríku. Móðir hans bjó við bág kjör og mátti þola gróft ofbeldi af hálfu sambýlismanns síns.

Fiðrildahátíð UNIFEM


Í nóvember 2007 mun UNIFEM á Íslandi ýta úr vör umsvifamikilli fjáröflun fyrir styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum. Hápunktur söfnunarinnar verður á Fiðrildahátíð UNIFEM sem haldin verður með pomp og prakt á alþjóðadegi kvenna, 8. mars 2008. Ætlunin er að fá íslenskar konur til að koma saman og fagna sameiginlegum krafti sínum og styrk og láta jafnframt gott af sér leiða. Við fögnum hinu kvenlega og styðjum við alþjóðlega baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, sérstaklega jafnréttisbaráttu kvenna í þróunarlöndum. Hátíðin er lokapunktur í Fiðrildaviku UNIFEM en markmið hennar er að vekja almenning hér á landi til vitundar um umfang kynbundins ofbeldis og áhrif þess á líf milljóna kvenna um heim allan.

Fiðrildið hefur tilvísun í alþjóðlega baráttu gegn kynbundnu ofbeldi og hefur í gegnum aldirnar verið álitnið tákmynd fyrir umbreytingar í lífi fólks í átt til frelsis. Fiðrildaáhrifin (e. 'butterfly effect') vísa í þá kenningu að vængjasláttur örsmárra fiðrilda í einum heimshluta geti haft áhrif á stór veðurkerfi hinum megin á hnettinum. Það má svo sannarlega heimfæra kenninguna um fiðrildaáhrifin á fjáröflun UNIFEM á Íslandi. Með því að leggja söfnuninni lið gefst okkur tækifæri til að leggja okkar lóð á vogarskálarnar í þeirri viðleitni að hafa jákvæð áhrif á líf kvenna í þróunarlöndum og á stríðshrjáðum svæðum.

Með fjáröfluninni vill UNIFEM á Íslandi beina sjónum sínum að kynbundnu ofbeldi í stríðshrjáðum löndum Afríku og mun það fé sem safnast verða nýtt til að styðja verkefni í Austur-Kongó, Líberíu og Suður-Súdan.

Síðastliðin 10 ár hafa rúmlega 13 milljónir bandaríkjadala verið veittar úr styrktarsjóði UNIFEM til 226 verkefna í yfir 100 löndum. Þrátt fyrir aukin framlög undanfarin ár er hann langt frá því að anna eftirspurn. Árið 2005 bárust til dæmis 1.059 styrkumsóknir í sjóðinn en aðeins var mögulegt að fjármagna 24 verkefni. Sá fjöldi umsókna sem berst á hverju ári er til marks um það að um allan heim ríkir vilji til að uppræta ofbeldi gegn konum en alls staðar er fjárþörfin mikil.

Eva Hrönn Steindórsdóttir, verkefnastýra hjá UNIFEM



Ástandið í Austur-Kongó er vægast sagt hriklegt og hafa Sameinuðu þjóðirnar lýst því sem einu erfiðasta viðfangsefninu í sögu samtakanna. Mikið uppbyggingarstarf er fyrir hendi ef stöðva á ofbeldi gegn konum í kongósku samfélagi, en talið er að um 70% stúlkna og kvenna á öllum aldri í austanverðu landinu hafi verið nauðgað eða mátt þola annað kynferðisofbeldi.

Borgarstríðið sem geisaði á árunum 1989–2003 í Líberíu leiddi af sér miklar hörmungar. Konur og börn urðu þar verst úti. Nauðganir voru notaðar sem vopn í átökum og gróft kynferðisofbeldi gegn konum og stúlkum var látið óátalið. Í Líberíu tekur UNIFEM þátt í uppbyggingarstarfi til að styrkja stöðu kvenna og bæta lífskjör þeirra, meðal annars með því að þróa nýja löggjöf og tryggja framkvæmd hennar og með því að koma á úrræðum fyrir þolendur.

Langvarandi borgarstríð í Suður-Súdan um tveggja áratuga skeið lagði alla samfélagsþjónustu og innviði þjóðfélagsins í rúst. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að um 90% kvenna hafa ekki fengið tækifæri til að ganga í skóla og tíðni mæðradauda er sú hæsta í heimi. UNIFEM hóf samstarf við stjórnvöld og kvennasamtök í landinu í kjölfar friðarsamninga. Starfið miðar að því að auka þátttöku kvenna í uppbyggingu á svæðinu.







Robert Nickelsberg/Getty Images

Fakhra Khar er 21 árs Pakistani. Ári áður en myndin var tekin skvetti eiginmaður hennar rafgeymasýru framan í hana. Vegna pólitískra tengsla hans fékk hann lögregluna til að stinga rannsókn málsins undir stól. Ár hvert verða hundruð kvenna fyrir sambærilegum árásum án þess að geta sótt árásmenn sína til saka. Þau varanlegu lýti sem þær hljóta af geta jafnvel verið notuð af eiginmönnum þeirra til grundvallar skilnaði.



Sabila, 15 ára þræll í Níger.

Mansal

Mansal er stundum kallað nútímaprælalald. Þó að prælalald hafi opinberlega verið afnumið í upplýstu alþjóðasamfélagi nútímans þrífst mansal víða enn og teygir anga sína til Íslands. Hér verður fjallað um kynlífsprælkun en undir hugtakið mansal falla auk þess nauðungarvinna og líffærasala.

Ágrip af sögu laga og sáttmála

Prælalald hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda og eru til skráð lög um prælalald frá tímum Rómaveldis. Talið er að prælalald hafi verið afnumið á 11. eða 12. öld á Íslandi, þó það sé ekki vítað með vissu, og ekkert ákvæði þar að lútandi fyrirfinnst í íslensku stjórnarskránni. Þegar stjórnarskráin var tekin til endurskoðunar árið 1995 þótti ekki nauðsynlegt að setja sérstakt ákvæði um bann við prælkun eða prælalaldi.

Víða var prælalald afnumið með upplýsingunni á 18. og 19. öld og teljast samningar um afnám þess til elstu viðurkenndu og lögfestu mannréttinda. Fyrsti fjölþjóðlegi mannréttindasamningurinn, alþjóðasamningur um prælalald frá 1926, leggur bann við

prælkun og prælalaldi í hvaða formi sem það birtist. Í öllum helstu mannréttindasamningum og samkvæmt alþjóðlegum venjurétti er prælalald bannað. Samkvæmt 4. grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1948 „[skal] engan mann [...] hneppa í þrældóm né nauðungarvinnu. Prælalald og prælaverslun, hverju nafni sem nefnist, skulu bönnuð.“

Fyrsti samningurinn af mörgum sem gerðir voru til að sporna gegn kynlífsverslun var alþjóðleg samþykkt gegn „hvítri prælalald“ frá 1904. Mansalssamningur Sameinuðu þjóðanna frá 1949 var meðal annars byggður á þessari samþykkt og telst til fyrstu samninga SP sem fordæma kynlífsverslun. Með þessum alþjóðasamningi skuldbundu aðildarríkin sig til að refsa þeim sem stunduðu kynlífsverslun, eigendum ólöglegra vændishúsa og til þess að vernda rétt fórnarlamba mansals. Í kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1979 er enn frekar hnykkt á þessum málaflokki. Þar segir: „Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, þ. á m. með lagasetningu, til að hamlar gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi tengdri vændi kvenna.“ Sáttmálinn tók gildi á Íslandi 18. júlí 1985.



Axel Schmidt/AFP/Getty Images

Austur-evrópsk vændiskona bíður eftir viðskiptavini í Berlín.

Þó að þrælahald sé ólöglegt og fordæmt af alþjóðasamfélaginu fyrirfinnst það enn í margvíslegum myndum. Fólk er í nauðungarvinnu um allan heim við iðnaðar-, verksmiðju- og landbúnaðarstörf, svo eitthvað sé nefnt. Mansal og kynlífsþrælkun kvenna og barna er útbreitt og vaxandi vandamál, bæði á áttakavæðum og friðarsvæðum. Þrátt fyrir yfirlýstan vilja alþjóðasamfélagsins og samninga sem eiga að gegna því hlutverki að uppræta mansal og hverskonar ofbeldi gegn konum blómstrar kynlífsverslunin. Samkvæmt tölum Evrópusambandsins eru, varlega áætlað, um 120.000 konur og börn seld mansali frá Mið- og Austur-Evrópu til vesturhluta álfunnar á ári hverju. Árið 2005 áætlaði Alþjóðavinnuálagstofnunin að fórnarlömb mansals væru 2,4 milljónir á heimsvísu.

Ein helsta ástæða búferlaflutnings og kynlífsverslunar með konur er rakin til bágs efnahagsástands, mikils atvinnuleysis og fárra úrræða fyrir konur til að framfleyta sér og sínum. Opinberar tölur um launamál benda hvarvetna til launamisréttis kynjanna: konur fá lægri laun en karlar fyrir sömu störf. Annað grundvallaratriði er réttarmeðhöndlun mansalsmála, en fæst þeirra koma fyrir dómstóla og í þeim málum sem rata fyrir dómstóla eru gerendur sjaldnast dæmdir. Réttarfarslegt afskiptaleysi leiðir af sér þöggung og á það þátt í að torvela upprætingu mansals. Einnig má leiða líkum að því að karllægar kerfisstöðir austantjaldslandanna, sem stóðu óáreittar fram að níunda áratug síðustu aldar, eigi sinn þátt í að skýra útbreiðslu verslunar með konur frá þessum löndum. Þetta viðhorf er staðfest í ákvæði yfirlýsingar um afnám ofbeldis gagnvart konum frá 85. allsherjarþingi SP frá 1993 sem „viðurkennir að ofbeldi gagnvart konum er staðfesting á aldagömlu valdamisvægi kynjanna er leiddi til drottunar karlmannna og mismununar gagnvart konum“.

Palermo-samningurinn

Í desember árið 2000 undirrituðu yfir 80 þjóðir af 148 viðstöddum svokallaðan Palermo-samning SP. Samningurinn var viðauki við samning SP um aðgerðir til að sporna við skipulagðri fjölþjóðlegri glæpastarfsemi. Bókun við Palermo-samninginn var ætlað að vinna gegn verslun með fólk, sérstaklega konur og

börn, og þar er í fyrsta sinn tekin sérstaklega fyrir eftirspurn karla eftir vændi á alþjóðavettvangi. Palermo-samningurinn er afrakstur langra og flókinna viðræðna sem byrjuðu í Vín snemma árs 1999. Yfir 140 aðildarsamtök í alþjóðlegu tengslaneti mannréttindamála stóðu að samningaviðræðunum. Ákvæði fyrirbyggjandi mannréttindasáttmála voru höfð til grundvallar og lögð var áhersla á aðgerðir og lagasetningar innan aðildarríkjanna, sem og útfærslu á alþjóðlegri samvinnu til að vinna gegn mansali. Í samningnum eru þeir sem stunda mansal dregnir til ábyrgðar og þáttur neytenda vændis dreginn fram í dagsljósið, en til að teljast sakhæfur þarf gerandinn að vera þátttakandi í skipulagðri glæpastarfsemi. Umdeildasti hluti sáttmálans, 3. greinin, lýtur að skilgreiningu á mansali og þolendum þess, þ.e. þeim sem seldir eru mansali. Hugtakið mansal er samkvæmt sáttmálanum skilgreint sem verslun með fólk, með eða án samþykkis þess, ef salan byggist á varnarleysi viðkomandi.

Aðkoma Íslands – frumvarp til laga

Samningur Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri fjölþjóðlegri glæpastarfsemi var undirritaður fyrir Íslands hönd þann 13. desember árið 2000 en beið enn fullgildingar í október 2004 þegar Kolbrún Halldórsdóttir talaði fyrir frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum hvað varðar fórnarlamba- og vitnavernd. Vísaði Kolbrún til Palermo-samningsins sem fyrirmyndar að breytingunum. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, breytingu á lögum um útlendinga, og lögum um atvinnuréttindi útlendinga, þ.e. fórnarlambavernd, var flutt á 133. löggjafarþingi 2006–2007. Því var ætlað að festa í lög vernd til handa fórnarlömbum mansals með hliðsjón af Palermo-samningnum, í samræmi við þær skuldbindingar sem í honum felast. Í greinargerðinni með frumvarpinu er litið er til laga og lagabreytinga annarra aðildarríkja sem lúta að þessum málaflokki og ítarleg grein gerð fyrir þróun kynlífsverslunar í alþjóðasamfélaginu. Frumvarpinu er ætlað að ná til einstaklinga sem koma til Íslands fyrir milligöngu þeirra sem standa að mansali, einstaklinga eða samtaka, sem hafa það að markmiði að koma viðkomandi í ólögleg störf á klám- og kynlífsmarkaði. Í fórnarlambaverndinni

Samkvæmt tölum Evrópusambandsins eru, varlega áætlað, um 120.000 konur og börn seld mansali frá Mið- og Austur-Evrópu til vesturhluta álfunnar á ári hverju. Árið 2005 áætlaði Alþjóðavinnuástandafundurinn að fórnarlömb mansals væru 2,4 milljónir á heimsvísu.

Ljóst er að Ísland hefur þegar verið áningarland þeirra sem stunda mansal. Dómar hafa fallið í slíkum málum og hefur lögreglan á Keflavíkurflugvelli rannsakað fjölda mála sem talin eru tengjast mansali. Einnig eru vísbendingar um að nektardansstaðir á Íslandi kaupi til landsins stúlkur sem tengjast alþjóðlegum samtökum.

felst að einstaklingur sem er fórnarlamb mansals og er ólöglega vistaður á Íslandi skuli njóta nafnleyndar, leyndar á dvalarstað og að aðrar öryggisráðstafanir verði gerðar til að tryggja öryggi hans gegn þeim sem standa að mansalinu. Viðkomandi skal einnig gefinn kostur á tímabundnu dvalar- og atvinnuleyfi á Íslandi, gegn aðstoð við yfirvöld við að upplýsa mansalsmálið. Ljóst er að Ísland hefur þegar verið áningarland þeirra sem stunda mansal. Dómar hafa fallið í slíkum málum og hefur lögreglan á Keflavíkurflugvelli rannsakað fjölda mála sem talin eru tengjast mansali. Einnig eru vísbendingar um að nektardansstaðir á Íslandi kaupi til landsins stúlkur sem tengjast alþjóðlegum samtökum. Guðrún Jónsdóttir hjá Stígamótum staðhæfir að samkvæmt skilgreiningu Palermo-samningsins og rannsókn sérfræðinga á samningum íslenskra nektarklúbba við nektardansmeyjar hafi konur sem starfað hafa á nektarklúbbunum klárlega verið seldar mansali.

Í desember 2003 dæmdi Hæstiréttur Íslands í sex tengdum málum. Sakborningarnir, þrjár ungar konur og tveir ungir karlar frá Kína og einn karl á miðjum aldri frá Singapúr, voru ákærð og sakfelld fyrir skjalafals með því að hafa við vegabréfaskoðun framvísað fölsuðu vegabréfi og þannig komið til landsins án

löglega ferðaskilríkja og vegabréfsáritunar. Samkvæmt lýsingu ákærðra á fátækt í heimalöndum sínum, á ferðatilhögun og aðstoð og/eða fylgd ókunnugra í því sambandi og öllum öðrum atvikum sem komu að broti þeirra þótti víst að þau væru fórnarlömb mansals. Að teknu tilliti til afdráttarlausrar játningar sakborninga fyrir dómi og þess að ekkert benti til fyrirbyggjandi sakvottorðs þótti hæfileg refsing fangelsisvistun á bilinu 30–45 dagar og tugþúsunda króna sekt. Dómurinn var óskilorðsbundinn og átti að þjóna sem varnaðaraðgerð til að fæla þá sem stunda mansal frá Íslandi, en hinum dæmdu var öllum vísað úr landi eftir afplánun.

Hér er á ferðinni ágætt dæmi um dómsmeðferð og úrskurð sem Palermo-samningnum er ætlað að breyta; með aðstoð og úrræðum fyrir þolendur og aðgerðum gegn gerendum. Hingað til hafa dómur þolenda ekki orðið gerendum víti til varnaðar. Nái íslensk stjórnvöld að fullgilda Palermo-samninginn með því að samþykka ofangreint frumvarp um lagabreytingu má vænta viðsnúnings í íslensku réttarkerfi og málefnum mannréttinda á Íslandi.

Guðný Gústafsdóttir, meistaranemi í kynjafræði við HÍ.

Er jafnrétti á þínum vinnustað?

Jafnréttisstofa Námskeið

Jafnréttisstofa býður fyrirtækjum og stofnunum upp á námskeiðið **Jafnt er meira** - námskeið um jafnréttisstarf fyrirtækja og stofnana. Jafnréttisstofa býður einnig sveitarfélögum upp á sambærilegt námskeið, **Jafnt er betra** - námskeið um jafnréttisstarf sveitarfélaga. Á námskeiðunum er fjallað um samþættingu kynja- og jafnréttis- sjónarmiða, stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnréttislöggjöfina, hvers vegna jafnréttisáætlanir eru mikilvægar og hvernig hægt er að setja sér skýr markmið og fylgja þeim eftir. Markmið námskeiðanna er að veita fræðslu um jafnréttismál ásamt því að auðvelda vinnu við gerð jafnréttisáætlana og framkvæmd þeirra.

Nánari upplýsingar á www.jafnretti.is



Jafnréttisstofa
Borgum við Norðurlóð
600 Akureyri
Sími 460 6200
Fax 460 6201
www.jafnretti.is
jafnretti@jafnretti.is



Konur og kvenréttindi í Gíneu-Bissá

Baldur Steinn Helgason og Margrét Rósa Jochumsdóttir stunda nám í þróunarfræðum við Háskóla Íslands. Lokaverkefni Baldurs fjallar um notkun moskítóneta í Gíneu-Bissá en þar hefur hann dvalið við rannsóknarvinnu síðastliðna mánuði. Margrét skrifar nú lokaverkefni sitt um sögu og stefnumótun landsnefndar UNIFEM á Íslandi. Í þessari grein lýsa þau stöðu kvenna í Gíneu-Bissá. Það sem fram kemur í greininni byggist einnig að miklum hluta til á viðtali sem þau tóku við fyrrverandi atvinnu- og heilbrigðismálaráðherra Gíneu-Bissá, Henriquetu A. da Silva Godinho Gomes, sem nú á eftirlaunaárum sínum vinnur ötullega að málefnum kvenna í landinu.

Gínea-Bissá

Gínea-Bissá er lítið land (36.000 km²) í Vestur-Afríku, staðsett sunnan við Senegal og norðan við Gíneu. Íbúar landsins eru um ein og hálf milljón og þar af búa um 300.000 manns í höfuðborginni Bissá. Landið var fyrrum portúgölsk nýlenda en þar var lengsta sjálfstæðisstríð í Afríku háð á árunum 1963–74. Hernaðaráttök brutust svo aftur út í Bissá árið 1998 og stóðu yfir með hléum í tæpt ár. Síðan þá hefur haldist friður í landinu. Sökum nýrrar stefnu í þróunaraðstoð í lok 10. áratugarins hefur landið ekki notið mikillar aðstoðar alþjóðasamfélagsins. Gínea-Bissá,

eins og svo mörg önnur af fátækustu ríkjum heims, fékk í stuttu máli á sig stimpilinn misheppnað ríki (e. 'failed state') sem skirskotar til þeirra ríkja sem þykja ekki líkleg til þess að nýta sér þróunaraðstoð vel. Þennan stimpil fá lönd sem geta ekki tryggt lágmarks gegnsæi í stjórnsýslu, lönd sem eru stríðshrjáð og lönd sem eru að jafna sig vegna innri eða ytri átaka. Ljóst er þó að þörfin á aðstoð er einmitt einna mest í löndum eins og Gíneu-Bissá þar sem heilbrigðiskerfi og efnahagur landsins stendur á brauðfótum og verulegur skortur er á vel menntuðu fólki. Landið er fimmta fátækasta land í heimi og um 90% þjóðarinnar hafa minna en tvo dollara á dag til lífsviðurværis (skv. Human Development Report 2006).

Afleiðingar ofangreindra aðstæðna eru alvarlegar. Tíðni mæðra- og barnadaða í landinu er með því allra hæsta í heiminum þar sem rúmlega 900 konur deyja við barnsburð fyrir hver 100.000 lifandi fædd börn og eitt af hverjum fimm börnum deyr fyrir fimm ára aldur (skv. UNICEF). Tilvera bissáskra kvenna markast því af erfiðum aðstæðum í landinu, tilfinningalegum áföllum við dauða barna sinna, fátækt og miklu vinnuálagi, svo ekki sé minnst á þeirra eigið heilsufar.

Ákveðnar og æðrulausar konur

Eitt það fyrsta sem óhjákvæmilegt er að taka eftir þegar gengið er um götur og torg í Gíneu-Bissá eru glæsilegar, sterklegar konur sem bera litskrúðugan og fallegan klæðnað. Þær eru nánast und-

Staðreyndin er sú að með umskurði er lífi stúlkna ekki einungis stefnt í hættu og brotið alvarlega á mannréttindum þeirra heldur er með honum einnig brotið á grundvallarréttindum barns til lífs. Henriqueta nefnir sérstaklega að sami hnífurinn sé vanalega notaður við umskurð fleiri en einnar stúlkú og hefur miklar áhyggjur af því að þannig sé greið leið fyrir alnæmissmit á milli stúlkanna.

Henriqueta segir að eftir sjálfstæðisbaráttuna hafi hægt og rólega dregið úr þátttöku og aðgangi kvenna að stjórnmalum. Meðan á sjálfstæðisbaráttu landsins stóð hvíldi stjórnkerfi landsins á grunni svokallaðra þorpsnefnda þar sem konur skipuðu að minnsta kosti tvö af fimm sætum. Nú skipa konur aðeins 14% af þingsætum í Gíneu-Bissá.



Baráttukonan Henriqueta A. da Silva Godinho Gomes.

antekningarlaust með barn reyrt um mjaðmir sér og einhver heil ósköp af hlutum á höfðinu, hvort sem það er bali fullur af vatni, hrísgrjónapokar eða eitthvað annað. Þrátt fyrir að um 45% þjóðarinnar séu íslamstrúar heyrir til undantekninga að konur noti slæður eða búrkur til að hylja andlit sitt eða líkama. Þvert á móti er klæðaburðurinn frjálstlegur og miðar greinilega að því að hægt sé að vinna erfiðisverk dagsins í þeim mikla hita sem landsmenn þurfa að búa við svo að segja allt árið um kring. Konur gefa sig hiklaust á tal við ókunnuga og spyrja beinskeyttra spurninga eins og um hjúskaparstöðu og barnafjölda, eða jafnvel bara hvert maður sé að fara. Það er eins og þeim finnst ekkert sjálfsagðara en að fá þessar upplýsingar frá bláókunnugu fólki úti á götu. Og það verður að segjast að það er eitthvað skemmtilegt við að lenda í tilgerðarlausum samræðum við fólk út á götu sem hefur engan annan tilgang en að forvitnast og kannski bara bæta smá kryddi í tilveruna. Það er ekki laust við að greinarhöfundar velti því stundum fyrir sér hvernig þær nái að vera jafn æðrulausar og raun ber vitni miðað við aðstæðurnar sem þær lifa við.

Alls staðar eru konur sjáanlegar og tilbúnar að vera þátttakendur í samfélaginu. Þær eru á vappi í kringum húsin sín ásamt börnum, þær eru á ökrum, þær eru við fiskveiðar, þær eru á götumörkuðum borgarinnar og þær láta sig heldur ekki vanta á börum og skemmtistöðum borgarinnar, svo fátt eitt sé nefnt. Samkvæmt skýrslu Þróunarbanka Afríku frá árinu 2005 vinna konur um 80% af störfum í sveitum Gíneu-Bissá. Þær eru greinilega miklir gerendur í samfélaginu og hafa vald bæði innan

heimilisveggjanna og utan. En hvert er raunverulegt birtingarform þessa valds? Nær það til þeirra þátta í samfélaginu sem einna mikilvægastir eru til þess að einstaklingar nái að njóta fullra mannréttinda og jafnréttis? Til þess að hjálpa okkur við að fá svör við þessum spurningum fengum við til liðs við okkur kvenréttindakonuna Henriquetu Gomes sem er fyrrverandi atvinnu- og heilbrigðismálaráðherra Gíneu-Bissá.

Baráttukonan Henriqueta

Henriqueta A. da Silva Godinho Gomes er fædd 9. apríl árið 1943 í Empada í Gíneu-Bissá. Hún menntaði sig í mannaússtjórnun í Portúgal. Hún byrjaði feril sinn í atvinnu- og húsnæðismálaráðuneytinu en færði sig svo yfir í forsætisráðuneytið. Hún var atvinnumálaráðherra á árunum 1984–1990 og heilbrigðisráðherra frá 1990–1994. Hún flutti til Búrkína Fasó með fjölskyldu sinni árið 1994 og var þar allt til ársins 2003.

Henriqueta er formaður samtakanna REMAMP, sem hægt væri að þýða á íslensku sem net afrískra kvenna í ráðherra- og þingmannastöðum (po. 'Rede de Mulheres Africanas Ministras e Parlamentares'). REMAMP í Gíneu Bissá er hluti af móðursamtökum sem sameina samtök þingkvenna og kvenráðherra í Afríku. Samtökin í Gíneu-Bissá voru stofnuð í desember árið 2003 og nú eru 37 konur í þeim. Konurnar koma frá ólíkum stjórnmalaflokkum og héruðum landsins, en eiga það allar sameiginlegt að vera fyrrverandi eða núverandi þingkonur eða ráðherrar.

Helstu baráttumálin

Henriqueta segir að langt sé í land þar til hægt verði að segja að konur í landinu njóti jafnræðis á við karlmenn. Samtökin vinna hörðum höndum að málefnum sem hafa gríðarlega mikið að segja um stöðu kvenna í landinu og einnig um andlega og líkamlega líðan þeirra. Helstu baráttumál þeirra eru að stöðva umskurð kvenna, vinna gegn útbreiðslu HIV og alnæmis, vinna að lagalegum úrbótum, til dæmis á sviði erfðaréttar og bættrar stöðu kvenna í forræðismálum, rétti stúlkubarna til að hljóta menntun o.fl. Einnig berjast þau fyrir málefnum sem eru ekki svo fjarri íslenskum raunveruleika, en það er að styðja framgang kvenna til að auka vægi þeirra í stjórnámálum. Henriqueta segir að eftir sjálfstæðisbaráttuna hafi hægt og rólega dregið úr þátttöku og aðgangi kvenna að stjórnámálum. Meðan á sjálfstæðisbaráttu landsins stóð hvíldi stjórnkerfi landsins á grunni svokallaðra þorpsnefnda þar sem konur skipuðu að minnsta kosti tvö af fimm sætum. Nú skipa konur aðeins 14% af þingsætum í Gíneu-Bissá, en til samanburðar má geta þess að á Íslandi skipa konur 33,3% þingsæta (skv. HDR 2006). Henriqueta hefur eftir frelsisshetju Gíneu-Bissá, Amilcar Cabral, þau gömlu sannindi að „maðurinn (samfélagið) geti ekki gengið án konunnar, þær verði að vera þátttakendur í allri ákvarðanatöku“.

Umskurður kvenna

Full ástæða er til þess að fjalla nánar um umskurð kvenna þar sem Henriqueta segir þetta vera eitt helsta baráttumál REMAMP og greinilegt er að það liggur henni mjög þungt á hjarta. Hún segir umskurð vera sið sem „taki valdið frá konum í Gíneu-Bissá“. Staðreyndin er sú að með þessum sið er lífi stúlkna ekki einungis stefnt í hættu og brotið alvarlega á mannréttindum þeirra heldur er með honum einnig brotið á grundvallarréttindum barns til lífs. Henriqueta nefnir sérstaklega að sami hnífurinn sé vanalega notaður við umskurð fleiri en einnar stúlku og hefur miklar áhyggjur af því að þannig sé greið leið fyrir alnæmissmit á milli stúlkanna.

Af fimmtíu og fjórum afrískum ríkjum tíðkast þessi siður í um þrjátíu og þeirra á meðal er Gínea-Bissá. Siðurinn tíðkast hjá mörgum af þeim 20–30 þjóðernishópum sem eru í landinu og sérstaklega meðal múslíma. UNICEF áætlar að um 2000 stúlkur séu umskornar ár hvert í Gíneu-Bissá og að milli 250.000 og 500.000 konur þjáist af líkamlegum og sálrænum afleiðingum þess að hafa verið umskornar.

Helstu baráttuleiðir gegn umskurði stúlkna segir Henriqueta að séu samspil þess að ná fram djúpstæðum, hugarfarslegum breytingum varðandi siðinn og þess að finna praktískar lausnir til þess að stöðva hann. Til að ná því segir hún að nauðsynlegt sé að fræða og upplýsa allt samfélagið, en þó fyrst og fremst ungar konur og svæðishöfðingja. Þá segir hún þurfa að huga að atvinnuurræðum fyrir þær konur sem hafa haft athöfnina að lífsviðurværi í jafnvel áratugi. Nokkur kvennasamtök (þar á meðal REMAMP) standa á bak við frumvarp um að banna umskurð samkvæmt landslögum en hingað til hefur gengið hægt að fá það í gegn. Líkleg ástæða fyrir því er að sumir þingmenn séu hræddir við að fæla í burtu kjósendur með því að taka afstöðu til svo viðkvæms málefns. Henriqueta er bjartsýn og er þess fullviss að lagafrumvarpið verði tekið fyrir á þinginu núna í nóvember og samþykkt.



Lokaorð

Gott er til þess að vita að barist er fyrir réttindum kvenna í Gíneu-Bissá rétt eins og á Íslandi og í flestöllum löndum í heiminum. Baráttumálin eru bæði lík og ólík en öll eru þau jafnmikilvæg. Erfitt virðist að ná jafnrétti því að þrátt fyrir að búið sé að setja það í lög er ekki þar með sagt að jafnrétti sé náð í daglegu lífi fólks. Til þess að raunverulegar breytingar verði sjáanlegar í samfélögum þarf að ná fram hugarfarsbreytingum, þar ytra líkt og hér heima, og hleypa af stökknum verkefnum sem vinna beint að því að styrkja stöðu og sjálfstraust kvenna. Starf Henriquetu og REMAMP er mikilvægt en sú staðreynd er sorgleg að fjármagnsskortur háir samtökum eins og REMAMP verulega. Þetta vandamál kemur í veg fyrir að hægt sé að setja af stað verkefni sem styðja velferð kvenna, og þar af leiðandi barna líka. Vandamálið er að þegar kemur að því að útteila peningum úr ríkissjóðum og alþjóðasamtökum situr réttindabaráttu kvenna of oft á hakanum. Margir álíta jafnvel að þetta sé eitthvað sem komi bara hægt og rólega, með tímanum, jafnrétti náist að lokum. Vitundarvakning og jafnræði milli kvenna og karla er hins vegar forsenda jákvæðra breytinga á öllum sviðum samfélagsins. Þetta er það sem kvenréttindasamtök eins og UNIFEM og REMAMP vinna að. Nauðsynlegt er að styðja málefnið, ekki bara með því að sýna málstaðnum samúð eða viðurkenningu, heldur þarf að setja fjármagn í málaflokkinn til þess að hægt sé að vinna að verkefnum sem skila árangri. Jafnréttissinnar eru löngu orðnir þreyttir á að sjá hlutina aðeins í orði en ekki á borði.

Það var sannkölluð ánægja fyrir greinarhöfundu að fá tækifæri til að kynna þessum konum og sjá hversu sterkar og opinskaar þær eru. Einnig erum við Henriquetu þakklát fyrir að gefa okkur innsýn í þau málefni sem REMAMP og önnur kvenréttindasamtök í landinu berjast fyrir.

*Baldur Steinn Helgason og Margrét Rósa Jochumsdóttir
stunda nám í þróunarfræðum við Háskóla Íslands.*



Mauricio Duenas/AF/Getty Images

Kólumbískar konur í áhættu

Undanfarin ár hafa íslensk stjórnvöld tekið við tveimur hópum kólumbískra flóttamanna. Flóttamennirnir voru valdir úr hópi kvenna í áhættu eins og flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna skilgreinir þær. Staða kvenna í Kólumbíu markast af átökum sem geisað hafa í landinu undanfarna áratugi.

Áratuga átök

Átökin í Kólumbíu hafa staðið yfir í nærri hálfari öld en hafa aldrei náð því stigi að steypa landinu í allsherjar borgarastyrjöld. Í staðinn hefur geisað linnulaust hægfara stríð þar sem mestur fórnarkostnaður fellur á almenna borgara. Í grófum dráttum má segja að þrjár meginfylkingar berist á banaspjót þar sem öryggissveitir stjórnvalda og herflokkar studdir af stjórnarhernum berjast við skæruliða um landsvæði og auðlindir.

Rætur átakanna má rekja til 6. áratugar síðustu aldar þegar átök á milli stærstu flokka íhaldsmanna og frjálslyndra voru nærri því að verða að borgarastríði. Þetta tímabil, sem stóð í um áratug og hefur verið nefnt La Violencia, kostaði allt að 300 þúsund manns lífið. Þar sem lítið var um háþrúð vopn eins og byssur í landinu á þessum tíma voru sveðjur algeng morðvopn. Í skjóli átakanna blómstraði fjöldinn allur af vígahópum og pyntingar og kynferðisofbeldi var algengt. Friður komst á þegar flokkarnir tveir sömdu um að skipta völdum í landinu bróðurlega sín á milli.

Ekki voru allir á eitt sáttir við stjórnmaðlaelituna sem settist að valdaborði eftir La Violencia. Helst voru það öfgamenn á vinstri vængnum sem þótti að sér vegið og völdu þeir sumir að stofna eigin skæruliðasveitir til að berjast gegn stjórnvöldum. Þegar fram leið sameinuðust þessar sveitir og stofnuðu skæruliðasamtök sem enn starfa í Kólumbíu. Þeirra stærst eru Uppreisnarher Kólumbíu (FARC), sem talið er að hafi 20 þúsund menn undir vopnum í dag, og Þjóðfrelsisherinn (ELN), með 4 þúsund menn. Bæði FARC og ELN voru stofnaðir um miðjan 7. áratuginn á grunni ýmissa

smærri hópa. Skæruliðarnir náðu stórum svæðum í dreifðari byggðum landsins á sitt vald og réðu þar lögum og lofum. Í raun urðu þarna til ríki innan ríkisins. Til að verja sig gegn skæruliðunum studdu stjórnvöld stofnun svokallaðra „sjálfsvarnarhópa“ og hvöttu óbreytta borgara til að leggja sín lóð á vogarskálarnar til að koma á eðlilegu ástandi í landinu. Árið 1997 sameinuðust flestir þessir hópar í Sjálfsvarnarsamtök Kólumbíu (AUC) sem eru talin hafa um 10 þúsund menn undir vopnum í dag.

Á tímum kalda stríðsins gátu vopnaðir hópar fundið bakhjarla utan landsteinanna. Allir þessir hópar hafa á einhverjum tímapunkti notið fjárhagslegs stuðnings eiturlyfjabaróna, en á 8. áratugnum varð Kólumbía helsta framleiðsluland kókáins. Einnig hafa hóparnir aflað tekna með mannránum, en þau voru að meðaltali 10 á dag þegar mest var árið 2000. Sökum styrks vígahópanna hefur stjórnvöldum reynst erfitt að berjast gegn þeim. Gífurleg spilling innan stjórnkerfisins viðhélt auk þess lögleysunni. Skæruliðar og eiturlyfjabarónar komu sínum mönnum í valdastöður og grófu þar með undan stjórnkerfinu. Á undanföllum árum hefur verið skorin upp herör í landinu gegn þessari spillingu, ekki síst vegna alþjóðlegrar kröfu um stuðning við stríðið gegn eiturlyfjum annars vegar og hryðjuverkum hins vegar. Eftir að hafa átt friðarviðræður við foringja skæruliða samþykkti Álvaro Uribe, forseti Kólumbíu, í júlí 2005 lög sem ætlað var að auðvelda liðsmönnum skæruliðahreyfinganna að leggja niður vopn. Lagasetningin hefur verið harðlega gagnrýnd og segja menn að með henni sé verið að gefa afslátt af mannréttindum, en eitt af því sem kveðið er á um í lögum er að skæruliðar fá mildari fangelsisdóma. Þannig tryggja lögin ef til vill stjórnvöld í sessi, en líta framhjá stöðu kvenna og viðhalda refsileysi í ofbeldismálum.

Ofbeldi gegn konum

Talið er að 60–70% kólumbískra kvenna verði fyrir einhvers konar ofbeldi á lífsleiðinni. Allir hópar skæruliða og vígamanna í Kólumbíu taka þátt í nauðgunum á konum og stúlkum og pyntingum á almennum borgurum og hefur kynferðisofbeldi aukist undanfarin ár. Árið 2004 var fjórðungsaukning á kynferðisglæpum í Kólumbíu. Þessi tegund glæpa snertir kynin ójafnt. Konur voru fórnarlömb í 14.369 málanna, eða 84% tilfella.

Karlmenn hafa aðallega staðið í átökunum í Kólumbíu. Á tímabili átti landið heimsmet í morðum. Af þeirri rúmu hálfu milljón morða sem framin voru á árunum frá 1975 til 2004, sem jafngildir tveimur morðum á klukkustund, voru langflest fórnarlömbin ungar karlmenn. Á síðustu árum hefur morðtíðni snarlækkað í landinu, en hlutfall myrtra kvenna hefur hækkað.

Deiluaðilar nota ýmiss konar líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi til að koma höggi á andstæðinga sína og ná stærra yfirráðasvæði. Þetta getur falið í sér að niðurlægja fórnarlambið, ráðast á fjölskyldu þess og að sá ótta í samfélaginu. Frá upphafi hefur ofbeldi gegn konum verið beitt til að koma skilaboðum til karlmanna sem standa þeim nærri. Samtökin Mesa de Trabajo Mujer y Conflicto Armado hafa beint athygli sinni að þessu, þ.e. að eiginkonur og dætur verkalyðsleiðtoga eða manna sem risið hafa gegn skæruliðum séu vinsæl fórnarlömb. Með því að ræna þeim, nauðga eða jafnvel myrða hafa vígamennirnir viljað ná til karlmanna sem þær tengjast. Að mati samtakanna stafar

SAGA ELENU

Elena bjó í úti á landi og sinni störfum fyrir ANMUCIC, samtök sem vinna að auknum réttindum kvenna í dreifðari byggðum Kólumbíu og kvenna af indíánaættum.

„Ég átti þrjú börn, tvö þeirra eru nú tólf og fjórtán ára. Í desember 1999 lagði dóttir mín, sem þá var þrettán ára, af stað til að verja jólafríinu hjá systur minni í öðru héraði. Hún var í sjötta bekk. Á leiðinni lenti hún á milli fylkinga skæruliða og herflokks sem nýtur stuðnings stjórnarhersins. Dóttir mín varð fyrir byssuskoti en hún lést ekki. Þar sem hún lá stórslösuð nauðguðu hermennirnir henni og drápu hana að lokum. Það tók mig níu klukkustundir að sannfæra yfirvöld um að dóttir mín væri ekki skæruliði svo að ég fengi að sjá lík hennar. Ég reyndi að kæra morðið á dóttur minni, en mér var sagt að með því myndi ég hætta lífi mínu. Þannig fékk ég ekki að koma réttlæti yfir mennina sem nauðguðu og myrtu dóttur mína. Til að verja líf okkar, flýðum við heimilið og settumst að í litlu þorpi. Í júlí 2000 brenndu stjórnarhermenn húsið okkar til grunna. Ásamt börnunum mínum tveimur flutti ég til Bógóta. Bæði börnin mín hafa sagt mér að þau vilji svipta sig lífi. „Til hvers að lifa?“ spyrja þau. Í Bógóta fluttum við á býli í eigu formanns ANMUCIC. Nærveran við dýrin gerir börnunum gott. Þau leggja samt enn ekki í að fara í skóla.“

Þetta af menningarlegum ástæðum þar sem álitnið sé að heiður hvernar konu sé tengdur heiðri karlmanns og að verndun konunnar sé á ábyrgð karlsins. Þannig sé hægt að ná fram hefndum gegn andstæðingum með því að beita konur sem standa þeim nærri ofbeldi. Kynferðislegt ofbeldi er sérstaklega vinsæl leið til að gera slíka táknaða áráð á andstæðinga sína.

Konur í áhættu

Annað vafasamt heimsmet sem Kólumbíu hefur verið eignað er fjöldi fólks á vergangi (e. 'internally displaced persons'). Mannréttindasamtökin CODHES, Consultoría para los Derechos Humanos y el Desplazamiento, áætla að frá árinu 1985 hafi ríflega 3 milljónir manna neyðst til að flýja heimili sín og verða flóttamenn í eigin landi. 75% þessa hóps eru konur og börn og er staða þeirra bág. Meðan athygli stjórnvalda beinist að baráttunni við skæruliðahópa og eiturlyfjabaróna verður þessi gríðarstóri hópur útundan, en þörf á aðstoð er mikil. Til dæmis er talið að fjórðungi þeirra kvenna sem eru á vergangi hafi verið nauðgað.

Fólk á vergangi á erfitt með að finna sér launaða vinnu og gengur illa að koma börnum sínum í skóla. Oft hefur fólk ekki aðgang að almennilegri heilbrigðisþjónustu, og er tíðni kynsjúkdóma í þeirra hópi yfir meðaltali landsmanna. Táningsstúlkur eru sérstaklega viðkvæmur hópur. 30% þeirra eru óléttar eða hafa átt börn – sem er rösklega helmingi hærra hlutfall en landsmeðaltal.

Lagasetning gegn hryðjuverkum hefur verið harðlega gagnrýnd og segja menn að með henni sé verið að gefa afslátt af mannréttindum, en eitt af því sem kveðið er á um í lögunum er að skæruliðar fá mildari fangelsisdóma. Þannig tryggja lögin ef til vill stjórnvöld í sessi, en líta framhjá stöðu kvenna og viðhalda refsileysi í ofbeldismálum.

Kólumbía er talin vera meðal helstu upprunalanda fórnarlamba mansals, en árið 2000 áætluðu stjórnvöld að á milli 35.000 og 50.000 konum og stúlkum hefði verið komið úr landi af mansalshringjum.



Carlos Julio Martínez/AFP/Getty Images

Kona stekkur yfir ræsi í fátækrahverfi í Buenaventura í Kólumbíu. Hinar ýmsu skæruliðahreyfingar hafa barist um yfirráð í borginni, sem er mikilvægasta höfnin á vesturströnd landsins.

Á flóttamannasvæðum Kólumbíu er frjór jarðvegur fyrir alls konar glæpastarfsemi. Kólumbía er talin vera meðal helstu upprunalanda fórnarlamba mansals, en árið 2000 áætluðu stjórnvöld að á milli 35.000 og 50.000 konum og stúlkum hefði verið komið úr landi af mansalshringjum. Ofan á þessa tölu bætist svo fjöldi kvenna sem haldið er í þrældómi af eiturlyfjahringjum og skæruliðasamtökum innan Kólumbíu. Tengsl á milli allra þessa glæpa – mansals, eiturlyfja og hryðjuverka – benda til þess að sömu net og notuð hafa verið til að smygla eiturlyfjum og vopnum séu nú nýtt fyrir mansal.

Vegna þeirra aðstæðna sem konur á vergangi búa við í Kólumbíu, og kólumbískar flóttakonur búa við í grannríkjunum, hefur Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) gert átak í að hjálpa þeim hópi kvenna sem skilgreindar eru sem konur í áhættu (e. 'women at risk'). Á síðustu árum hafa íslensk stjórnvöld í tvígang tekið á móti hópi flóttakvenna og barna þeirra sem falla undir þessa skilgreiningu.

Kólumbía á krossgötum

Umbætur á lögum og stjórnkerfi Kólumbíu hafa beinst að því að koma böndum á nokkur öflug og rótgróin skæruliða- og glæpasamtök. Stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að gleyma að taka tillit til óbreyttra borgara, sérstaklega kvenna. Þótt lög hafi verið sett sem vernda eiga fólk á vergangi skortir á að þeim sé fylgt eftir með markvissum aðgerðum til að aðstoða það við að aðlagast samfélaginu aftur. Aðgerðir stjórnvalda gegn skæruliðahópum hafa ekki einungis látið aðgerðir til hjálpar óbreyttum borgurum falla í skuggann, þær hafa beinlínis sett þá í hættu. Halda þarf áfram að þrýsta á að stjórnvöld í Kólumbíu geri nauðsynlegar umbætur á lagakerfi, auk þess sem hjálpa þarf þeim milljónum manna sem eru á vergangi að öðlast betra líf. UNIFEM vinnur í nánú samstarfi við stjórnvöld og frjáls félagsamtök að því að svo verði.

AII

BabySam



Deloitte.


B félag
bókagerðar-
manna

KPMG

**HAPPA
PRENNAN**



BAKKAVÖR



KB BANKI



**HITAVEITA
SUÐURNESJA HF**



LÝSING



ÞORBJÖRN

Hafnargötu 12 · 240 Grindavík



**KENNARASAMBAND
ÍSLANDS**

Jafnrétti er allra hagrur
Bandlag háskólanna

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

EFLING
STÉTTARFÉLAG

congress
REYKJAVÍK

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
Sími: 535 6000 - www.felag.is

Landsbankinn

vodafone

Óskum UNIFEM á Íslandi til hamingju með ötult starf að góðum málefnum á liðnum árum.

A.R.E.V. Ehf, Bankastræti 5, 101 Reykjavík

Alcan á Íslandi hf, Pósthólf 244, 222 Hafnarfirði

Arena dansverslun, Prastarási 7, 221 Hafnarfirði

Arnarfell ehf, Sjafnarnesi 2-4, 603 Akureyri

Bifreiðaverkst. Friðriks Ólafssonar ehf, Smiðjuv. 14, 200 Kópav.

Birta ehf, Lagarási 8, 700 Egilsstaðir

Bitte kai Rand & Ivan Grundahl, Skólavörðustíg 8, 101 Rvk

Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23, 108 Reykjavík

Borgarbyggð, Borgarbraut 11, 310 Borgarnes

Egilssíld ehf, Gránugötu 27, 580 Siglufjörður

Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21, 108 Reykjavík

Faxaflóahafnir sf, Tryggvagötu/Hafnarhúsi, 101 Reykjavík

Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík

Fjárfestingafélagið Gaumur ehf, Suðurlandsbraut 48, 108 Rvk

Frjálslyndi flokkurinn, Aðalstræti 9, 101 Reykjavík

Gallerí KSK - Kolbrún S. Kjarval, Skólavörðustígur 22, 101 Rvk

Garðyrkja ehf, Helluhrauni 4, 220 Hafnarfirði

Hitaveita Egilsstaða/Fella ehf, Einhleypingi, 701 Egilsstaðir

Hring sjá, náms- og starfsendurhæfing, Hátúni 10d, 105 Rvk

Hrund, snyrtistofa, Grænatúni 1, 200 Kópavogur

Hvöt, kvenfélag Miðneshreppi, Norðurkot, 245 Sandgerði

Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11, 110 Reykjavík

Innheimtulausnir ehf, Stórhöfða 33, 201 Kópavogur

ISS Ísland ehf, Ármúla 40, 108 Reykjavík

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður

Ísfugl ehf, Reykjavegi 36, 270, Mosfellsbæ

Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a, 200, Kópavogur

Jómfrúin Veitingahús Jakobs ehf, Lækjargötu 4, 101 Reykjavík

Kaffitár ehf, Holtsgötu 52, 260 Njarðvík

Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupvangi 6, 700 Egilsstaðir

Kapólskakirkjan á Íslandi, Pósthólf 490, 121 Reykjavík

Kemis ehf, Breiðhöfða 15, 110 Reykjavík

Kjósarhreppur, Félagsgarði, 270 Mosfellsbæ

Knattspyrnusamband Íslands, Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Kópavogskaupstaður, Fannborg 2, 200 Kópavogur

Kvenfélag Öxfirðinga, Ekru, 671 Kópasker

Landsamband ísl. Verzlunarm., Kringlunni 7, 103 Reykjavík

LH-tækni ehf (Ice Consult.), Mörkinni 6, 108 Reykjavík

Listasafn Alþýðusamb. Íslands, Freyjugötu 41, 101 Reykjavík

Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf, Hringhelli 6, 220 Hafnarf.

Marel hf, Austurhrauni 9, 210 Garðabær

Miðás hf, Miðási 9, 700 Egilsstaðir

Morgunblaðið - Árvakur hf, Hádegismóum 2, 110 Reykjavík

Mýrdalshreppur, Austurvegi 17, 870 Vík

Pétursbúð, Ránargötu 15, 101 Reykjavík

Rafteikning hf, Suðurlandsbraut 48, 108 Reykjavík

Reykjanesbær, Tjarnargötu 12, 230 Keflavík

RKÍ Siglufjarðardeild, Aðalgötu 32b, 580 Siglufjörður

RKÍ Skagafjarðardeild, Aðalgötu 10b, 551 Skagafjörður

Runólfur Hallfreðsson ehf, Krókatúni 9, 300 Akranes

Ræktunarsamband Flóa/Skeiða ehf, Gagnheiði 35, 800 Selfoss

Selfossveitur bs, Austurvegi 67, 800 Selfoss

Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44, 710 Seyðisfjörður

Síldarvinnslan hf, Hafnarbraut 6, 740 Neskaupsstaður

Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins, Skógarhlíð 14, 101 Reykjavík

Smurstöðin Stórahjalla ehf, Stórahjalla, 200 Kópavogur

Sorpa bs, Gufunesi, 110 Reykjavík

Spennubreytar ehf, Trönuhrauni 5, 220 Hafnarfirði

Starfsmannafélag ríkisstofnanna, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík

Stíflu- og lagnþjónustan ehf, Fjóluhvammi 10, 220 Hafnarfirði

Tannlæknastofa Einars, Skjólvegi 10, 230 Keflavík

Teiknistofan ehf, Hávallagötu 21, 101 Reykjavík

Uppdæling ehf, Fosshálsi 1, 105 Reykjavík

Útfararstofa Kirkjugarðanna, Vesturhlíð 2, 105 Reykjavík

Verkalýðs/sjómannafélag Keflavíkur, Hafnarg. 80, 230 Keflav.

Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64, 220 Hafnarfirði

Verkstjórasamband Íslands, Síðumúla 29, 108 Reykjavík

Verslunarmannafél. Austurlands, Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir

Verslunarmannafél. Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14, 230 Keflavík

Pingeyjarsveit, Kjarna, 650 Laugum

Þýðingar og textaráðgjöf, Laugavegi 163a, 105 Reykjavík



Hvað berð þú á borð fyrir þig og þína eftir langan vinnudag?

Allt hefur sinn stað og sína stund. Það á að vera jafn sjálfsagt að skila góðum vinnudegi og að njóta ánægjulegra samverustunda með þeim sem standa þér næst. Oft er gott að skilja vinnuna eftir þar sem hún á heima – í vinnunni.

Þú hefur val. Njótum tímans utan vinnu af heilum hug.



ÉG MÁ
EKKI FIKTA Í
ELDAVÉLINNI,
SAMT ER ÉG ALLTAF
AÐ FÁ MÉR
AÐ BORÐA!

TRYGG FRAMTÍÐ FRAMTÍÐARREIKNINGUR MEÐ BARNAVERND

Glitnir og Sjóvá Forvarnahúsið vinna saman að slysavörnum barna. Hluti af því samstarfi er ný trygging, **Barnavernd**, sem er mótuð með hagsmuni barna og fjölskyldna í huga.

TILBOÐ

ÞEIR SEM GREIÐA 1.000 KR.
REGLULEGA Á
FRAMTÍÐARREIKNING FÁ
BARNAVERND **FRÍTT Í 6 MÁN.**
MEÐ ÞVÍ AÐ SKRÁ SIG.

Kynntu þér málið á www.glitnir.is

Hvað getur þú gert til að varna slysum heima hjá þér?
Kíktu á www.forvarnahus.is

GLITNIR